FRÉTTABLAÐIÐ
159. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 21. JÚLÍ 2020

# Leggja kapp á að semja fyrir mánaðamótin

**Icelandair vill klára samninga við lánardrottna, stjórnvöld og Boeing fyrir næstu mánaðamót. Horfa til þess að lækka greiðslur til lánardrottna. Hafa ekki óskað eftir skuldbreytingu krafna. Ræða við stjórnvöld um skilmála vegna þrautavaraláns.**

**VIÐSKIPTI** Icelandair stefnir að því að klára samninga við fimmtán lánardrottna, stjórnvöld og Boeing fyrir lok mánaðar áður en farið verður í hlutafjárútboð. Stjórnendur félagsins horfa til þess að semja við lánardrottna um lækkun afborgana og eiga í viðræðum við stjórnvöld um skilmála lánalínu til þrautavara.

Þetta segir Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Icelandair, í samtali við Fréttablaðið. Eva segir að lánardrottnarnir sem Icelandair hafi átt í viðræðum við séu fimmtán talsins en um er að ræða leigusala, færsluhirða, lánveitendur og mótaðila vegna olíuvarna. Viðræðurnar eru flestar komnar vel á veg og er flugfélagið bjartsýnt á að klára samninga við alla lánardrottna fyrir næstu mánaðamót, en hún bendir þó á að verkefnið sé í senn ærið og krefjandi.

„Samhliða því erum við að ræða við ríkið um lánaskilmála vegna lánalínu til þrautavara, sem félagið gæti nýtt ef rekstrarskilyrði flugfélaga verða mjög erfið til lengri tíma og fjármagnið úr hlutafjárútboðinu dugar ekki til,“ segir Eva. Hlutafjáraukningin á að nægja félaginu ef grunnsviðsmynd félagsins um að lítið verði flogið fram á næsta vor rætist. Viðræðurnar við stjórnvöld snúast þannig um að Icelandair geti dregið á lánalínu og tryggt rekstrarhæfi ef ládeyðan á markaðnum varir lengur en spár félagsins gera ráð fyrir.

Spurð hvort að Icelandair óski eftir skuldbreytingu við lánardrottna, þ.e.a.s. að kröfum á flugfélagið verði breytt í hlutafé, segir Eva Sóley að svo sé ekki.

„Viðræðurnar snúast ekki um skuldbreytingu heldur erum við að horfa til þess að styrkja lausafjárstöðu félagsins með því að aðlaga afborganir að áætluðu sjóðsstreymi á meðan félagið flýgur lítið,“ segir Eva Sóley.

„Grunnsviðsmyndin byggir á því að afborganir til lánardrottna verði aðlagaðar að áætluðu sjóðsstreymi, hluthafar komi inn með nýtt fjármagn og að félagið geti dregið á lánalínu frá ríkinu ef ládeyðan á markaðnum varir lengur en spár okkar gera ráð fyrir.“

Viðræðurnar við lánardrottna eru flóknar að sögn Evu þar sem Icelandair er lítið flugfélag í alþjóðlegu samhengi. Stærstu lánardrottnarnir geta m.a. verið tregir til að ganga að óskum Icelandair svo að ekki skapist fordæmi í sambærilegum viðræðum við önnur stærri flugfélög. **– þfh**

> **Viðræðurnar snúast ekki um skuldbreytingu heldur erum við að horfa til þess að styrkja lausafjárstöðu félagsins.**
>
> Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Icelandair



# Kærum rignir til MDE

**DÓMSMÁL** Nýskráðum málum frá Íslandi sem rekin eru fyrir Mannréttindadómstól Evrópu hefur fjölgað mikið undanfarið. Fjórtán ný mál voru skráð hjá ríkislögmanni á þessu ári.

Mál sem skráð eru hjá ríkislögmanni eru aðeins þau sem dómstóllinn hefur þegar ákveðið að taka til efnislegrar meðferðar. Alls eru kærur frá Íslandi til MDE mun fleiri. Árið 2017 bárust dómstólnum 28 kærur frá Íslandi. Þær voru 24 árið á eftir, en nærri helmingi fleiri árið 2019, eða 40 talsins. Langflestum málum er hins vegar vísað frá dómstólnum og aðeins lítill hluti þeirra fær efnismeðferð. **– aá /** **Sjá síðu 6**




**Þessir eldhressu krakkar skemmtu sér konunglega þegar þeir renndu sér niður „Slip'n slide“-rennibraut í bongóblíðu í gær. Brautin var sett upp við Fella- og Hólakirkju í Breiðholti. Framtakið var hluti af sumarviðburðum sem haldnir eru á vegum Reykjavíkurborgar víðs vegar um borgina þessa dagana.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Veður




Vestlæg eða breytileg átt 3-8 m/s og bjart með köflum, en stöku síðdegisskúrir inn til landsins. Víða skýjað og úrkomulítið, en dálítlar skúrir norðaustantil, og áfram bjart suðaustanlands. Hiti 7 til 17 stig að deginum, hlýjast suðaustantil.

SJÁ SÍÐU 14




Samband íslenskra sveitarfélaga.

## Brutu lög um persónuvernd

**STJÓRNSÝSLA** Persónuvernd hefur komist að þeirri niðurstöðu að Sambandi íslenskra sveitarfélaga hafi verið óheimilt að birta tiltekið álit umboðsmanns Alþingis á vef sínum á síðasta ári. Umrætt álit innihélt nafn og persónuupplýsingar einstaklings. Í því kom fram að maðurinn hefði sótt um tiltekið starf en ekki fengið. Að auki kom fram að maðurinn hefði ekki verið boðaður í viðtal.

Maðurinn kvartaði til Persónuverndar í kjölfar birtingar álitsins á vefsíðu SÍS í október 2019 og taldi að hún samræmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Álitið hafi verið aðgengilegt á vefsíðu sambandsins í nokkrar vikur og olli það manninum hugarangri að trúnaður hefði ekki verið virtur.

Í svari SÍS kom fram að um mannleg mistök hefði verið að ræða og öryggisbrest, þar sem upplýsingarnar hafi verið birtar óviljandi. Öryggisbresturinn hafi ekki verið tilkynntur til Persónuverndar þar sem sambandið hafi talið að ólíklegt væri að hann leiddi til áhættu fyrir réttindi og frelsi kvartanda. Sambandið hafi því talið nægjanlegt að skrá öryggisbrestinn í frávikaskráningu.

Það mat byggðist á því að upplýsingarnar voru aðgengilegar á grundvelli upplýsingalaga. Það sjónarmið féllst Persónuvernd ekki á og komst að þeirri niðurstöðu að úrvinnslan samræmdist ekki lögum. **– bþ**

# Mikil framkvæmdagleði á götum bæjarins




Starfsmenn BM Vallár voru í óða önn að steypa kantstein við hringtorg í Hamraborg í Kópavogi í gær. Sumartíminn er alla jafna nýttur eins vel og nokkur kostur er til þess að lappa upp á veðurbarnar götur landsins og nú var komið að nauðsynlegum steypuframkvæmdum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Herjólfur siglir eftir áætlun

**SAMGÖNGUR** Sjómannafélag Íslands aflýsti í gærkvöld boðaðri vinnustöðvun um borð í Herjólfi. Til stóð að vinnustöðvun undirmanna myndi hefjast á miðnætti og vara næstu þrjá sólarhringa.

Samkomulag náðist milli félagsins og Herjólfs ohf. í gærkvöld og mun Herjólfur því sigla samkvæmt áætlun næstu daga. Þetta kom fram í tilkynningu frá Bergi Þorkelssyni, formanni Sjómannafélags Íslands.

Samið var um að að klára starfslýsingu þerna og háseta, að forsendur yrðu skoðaðar varðandi starfsaldurshækkun, vinnutímastyttingu, launahækkun miðað við lífskjarasamning og hvíldaráætlun í samræmi við alþjóðalög.

Þriðja vinnustöðvun undirmanna á Herjólfi átti að hefjast á miðnætti í kvöld og standa til miðnættis miðvikudagsins 23. júlí. Fyrsta vinnustöðvunin hófst 7. júlí og stóð í sólarhring og önnur hófst á miðnætti 14. júlí og stóð í tvo sólarhringa. **– kdi**

# Illa merkt gjaldskyld stæði valda óánægju

**Nýtilkomin gjaldskylda á stæðum við Skeifuna 13a á vegum ParkingPlus hafa reitt viðskiptavini til reiði. Stæðin eru sögð illa merkt, erfitt sé að hafa samband við fyrirtækið og hvergi er að finna upplýsingar um sektarupphæðir.**

**SAMFÉLAG** Borið hefur á óánægju bifreiðaeigenda sem hafa verið sektaðir við ný gjaldskyld stæði í Skeifunni. Fyrirtækið Parking plus, sem er í eigu Securitas, setti nýlega upp gjaldskyld stæði á lóð við Skeifuna 13a og hafa fjölmargir bíleigendur verið sektaðir. Óánægjan snýr helst að því að stæðin séu illa merkt.

„Ég geri mér reglulega ferð í Skeifuna og þessi gjaldskylda spratt eiginlega upp eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Ég stökk inn í verslun í rúmar fimm mínútur og á þeim stutta tíma náði starfsmaður Securitas að sekta mig og koma sér óséður í burtu. Það er nokkuð skilvirkt,“ segir Kaja Þrastardóttir, sem var sektuð um helgina ásamt fleiri bíleigendum.

Að hennar mati er mjög ógreinilegt að um gjaldskyld stæði sé að ræða, sérstaklega í ljósi þess að þarna hefur verið hægt að leggja ókeypis lengi. „Ég er alveg tilbúin að borga fyrir að leggja í stutta stund en þá verður það að vera skýrt. Það eru engar upplýsingar um hver sektarupphæðin er á sjálfu bílaplaninu og ekki heldur á þessum miða sem var settur á bílrúðuna. Þá getur maður ekki með góðu móti haft samband við fyrirtækið. Það er enginn sími eða tölvupóstur í boði, bara val um að fylla út eyðublað á vef fyrirtækisins,“ segir Kaja.

Hún hafi því neyðst til þess að bíða þess sem verða vildi og rúmum sólarhring síðar kom rukkun upp á 4.500 krónur inn á heimabankann. Kaja segir að þá hafi fokið verulega í sig en fljótlega bárust svör frá Securitas. „Mér var tilkynnt að sektin yrði felld niður, sem ég var auðvitað sátt við. Ég tel þó að það hefði farið mun betur á því að starfsmaður væri þarna á svæðinu fyrst um sinn til þess að benda á þessar breytingar. Það hefur eflaust fokið í fleiri en mig um helgina,“ segir Kaja.




Nýtilkomin gjaldskylda er á bílastæði við Skeifuna 13a. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það eru engar upplýsingar um hver sektarupphæðin er á sjálfu bílaplaninu og ekki heldur á þessum miða sem var settur á bílrúðuna.**

Hjörtur Fr. Viggósson, framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar hjá Securitas, segir að ParkingPlus sé þjónustuaðili bílastæðanna og sjái meðal annars um eftirlit og innheimtu aðstöðugjalda. „Gjaldskylda við Skeifuna 13 er tiltölulega nýhafin og er þjónustan og merkingar eftir óskum eiganda og í takt við almennar merkingar á bílastæðum,“ segir Hjörtur.

Hann segir að eðlilega verði þeir sem vanir eru að leggja frítt í stæðin varir við breytingarnar en viðvaranir um gjaldskylduna hafi birst með talsverðum fyrirvara. „Við höfum líka leyst úr fjölda mála í samvinnu við ökumenn enda ekki tilgangur með aðgangsstýringunni að innheimta aðstöðugjöld heldur tryggja viðskiptavinum við Skeifuna 13 aðgang að bílastæðum,“ segir Hjörtur.

Umrædd lóð er í eigu fyrirtækisins Skeifan 13a ehf., sem aftur er í eigu hóps fjárfesta. Stjórnarformaður fyrirtækisins er Ágúst Valfells, en ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **bjornth@frettabladid.is**






Dráttarbeisli fyrir ævintýri sumarsins **fylgir með RAV4**



AYGO | Yaris | Corolla | Toyota C-HR | Camry Hybrid

**Núna er tíminn til að gera góð kaup á nýjum AYGO, Yaris, Corolla, Toyota C-HR, Camry Hybrid eða RAV4.** Hverjum slíkum nýjum bíl fylgir 100 til 200 þúsund króna gjafabréf sem þú átt val um að leysa út hjá Ellingsen, Líflandi eða Veiðihorninu. Að auki færðu dráttarbeisli með RAV4 fyrir ævintýri sumarsins. **Kíktu í heimsókn.**

**Lífland** selur hágæðavarning tengdan hestamennsku.
**Veiðihornið** er sérverslun veiðimannsins.
**Ellingsen** býður upp á allt fyrir útivistina og meira til.

Komdu við hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota og kannaðu hvernig landið liggur.
**Sjá nánar á toyota.is**

GLÆSILEGT
**GJAFABRÉF**
að andvirði
**100.000 til 200.000 kr.**
hjá einhverri af eftirtöldum verslunum:

ELLINGSEN LÍFLAND VEIÐIHORNIÐ

7 3+4 ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
570 5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
460 4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
420 6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
480 8000

Gjafabréfið fylgir ekki með öðrum tilboðum. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Mótmæla harðlega brottrekstri pólska ræðismannsins á Íslandi

**SAMFÉLAG** Mikil óánægja er í pólska samfélaginu á Íslandi með þá ákvörðun pólskra stjórnvalda að segja pólska ræðismanninum á Íslandi upp störfum og kalla hann heim til Póllands.

Greint var frá uppsögninni í fréttamiðli pólska samfélagsins á Íslandi á vefnum icelandnews.is síðastliðinn miðvikudag þar sem fram kom að talsmenn nokkurra pólskra félagasamtaka hefðu reynt að afhenda pólska sendiherranum bréf þar sem óánægju með uppsögn Jakubs Pilch er mótmælt og óskað skýringa á skyndilegu brotthvarfi hans, en sendiherrann mun hafa neitað að veita bréfinu viðtöku.

Talsmenn umræddra samtaka sögðu í samtali við Fréttablaðið að sendiherrann hefði nú fallist á beiðni fólksins um fund. Þau vildu ekki ræða málið við fjölmiðla fyrr en að þeim fundi loknum en benda á fyrrnefnda frétt.

Í frétt í pólska miðlinum Wyborcza sem birtist á föstudag, segir að Jakup hafi aðeins fengið



Jakub Pilch, fráfarandi ræðismaður.

**Pólsk stjórnvöld hafni því þó alfarið að tengsl séu milli forsetakosninganna og uppsagnar Jakubs.**

þrjá daga til að yfirgefa Ísland með konu sinni og tveimur börnum.

Jakub vildi ekki veita Fréttablaðinu viðtal vegna málsins, en hann var þegar kominn til Póllands þegar Fréttablaðið náði af honum tali síðastliðinn föstudag.

Í frétt Wyborcza segir einnig að Jakub hafi komið að framkvæmd utankjörfundarkosningar hér á landi vegna pólsku forsetakosninganna sem fram fóru um síðustu helgi, en eins og fram hefur komið kusu langflestir, sem nýttu atkvæðisrétt sinn hér á landi, Evrópusinnann Rafał Trzaskowski, borgarstjóra Varsjár, sem tapaði fyrir sitjandi forseta Andrzej Duda.

Pólsk stjórnvöld hafni því þó alfarið að tengsl séu milli forsetakosninganna og uppsagnar Jakubs. **– aá**



Fuglavarpið í nágrenni útivistarsvæðisins við Gróttu er viðkvæmt.

## Grótta verður áfram lokuð

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun hefur ákveðið að framlengja árlega lokun friðlandsins í Gróttu í Seltjarnarnesbæ til næstkomandi mánaðamóta. Grótta hefur verið lokuð í þeim tilgangi að vernda fuglavarp frá 1. maí síðastliðnum en til stóð að opna friðlandið aftur 15. júlí.

Í tilkynningu Umhverfisstofnunar, þar sem framlengingin er kynnt, segir að mikilvægt sé að framlengja lokunina því hætta sé á verulegri röskun á fuglalífi ef svæðið verður opnað strax. Vinsælt útivistarsvæði sé í nágrenni fuglavarpsins og fuglalífið sé enn viðkvæmt í Gróttu.

Gerð hafi verið úttekt á fuglavarpi á svæðinu og ákvörðunin tekin í framhaldi af niðurstöðum þeirrar úttektar. Auðugt og fjölbreytt fuglalíf er í Gróttu en samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið eru um 450 kríupör í Gróttu. **– hó**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning** Það kostar ekkert.

# Þorskur gæti sigrað Covid-19

**Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að ensím unnið úr þorski af Íslandsmiðum kunni að draga mjög úr líkum á sýkingu af völdum COVID-19. Íslenska fyrirtækið Zymetech hefur einkaleyfi á notkun efnisins.**

**TÆKNI** Meltingarensím úr íslenskum þorski gætu gegnt lykilhlutverki sem vörn gegn COVID-19 sjúkdómnum, samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum úr rannsóknum þar að lútandi. Sænska líftæknifyrirtækið Enzymatica tilkynnti í gærmorgun að munnúðinn ColdZyme, sem er þegar í sölu víða um Evrópu, þar á meðal Íslandi, undir vörumerkinu PreCold, hefði óvirkjað yfir 98% af veirunni sem veldur COVID-19 sjúkdómnum, á 20 mínútum í tilraun sem framkvæmd var af óháðum þriðja aðila.

Eitt helsta innihaldsefni ColdZyme er þorskatrypsín. Það er ensím unnið úr meltingarvegi þorsks sem veiddur er við Ísland. Trypsínið er framleitt af íslenska líftæknifyrirtækinu Zymetech, sem stundar rannsóknir og framleiðslu á ensímunum að Fiskislóð í Örfirisey. ColdZyme byggir á íslensku hugviti en Enzymatica og Zymetech sameinuðust árið 2016.

„Atlantshafsþorskur lifir í mjög köldu umhverfi og étur allt sem hann kemst yfir. Því þarf hann að mynda meltingarensím með sterka niðurbrotseiginleika á próteinum, sem meðal annars finnast á yfirborði SARS-CoV-2 veirunnar sem veldur COVID-19,“ segir Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Zymetech.

„Þarna er um að ræða bráðabirgðaniðurstöður af rannsóknarstofu sem lofa mjög góðu en ekki er hægt að yfirfæra niðurstöðurnar beint yfir í klínísk áhrif. Til þess þarf klínískar prófanir. Sambærilegar tilraunir hafa verið gerðar með ColdZyme á algengustu veiruflokkum sem valda kvefi, þar á meðal kórónaveiru. Í þessum tilfellum hefur verið sýnt fram á





Ásgeir Ásgeirsson framkvæmdastjóri og Ágústa Guðmundsdóttir, sem er yfir rannsóknum Zymetech.

**Við munum bæta við okkur starfsfólki og búnaði til að mæta aukinni eftirspurn**

Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri

virkni vörunnar með klínískum rannsóknum. Sú virkni lýsir sér meðal annars í styttri veikindatíma. Munnúðinn myndar verndandi filmu í hálsi og munnholi sem dregur úr sýkingarhættu af völdum veira,“ bætir Ásgeir við. Fjölmargar kvefpestir eru af stofni kórónaveira í öðrum undirflokki en sú sem veldur COVID-19.

Sýnt hefur verið fram á að kórónaveiran sem nú gengur yfir heiminn tekur sér jafnan fyrst bólfestu í munnholi fólks. Þar margfaldast veiran með þeim afleiðingum að sýktir einstaklingar geta veikst hratt. Munnúðinn gæti því verkað sem fyrirbyggjandi vörn sökum niðurbrotseiginleika trypsínsins á yfirborði veirunnar.

Zymetech og Enzymatica höfðu átt í samstarfi um nokkurra ára skeið áður en fyrirtækin sameinuðust árið 2016. Evrópska einkaleyfastofan hefur nýlega staðfest einkaleyfi fyrirtækjanna á notkun ensíma úr Atlantshafsþorski í lækningatæki, snyrtivörur og í lyf.

„Talsverð aukning umsvifa er fram undan hjá Zymetech. Sala á munnúðanum hefur aukist og markaðssvæði er að stækka,“ segir Ásgeir. „Við munum bæta við okkur starfsfólki og búnaði til að mæta aukinni eftirspurn,“ segir hann.

Hann nefnir einnig að fyrirtækið þurfi að eiga í góðu samstarfi við íslenskan sjávarútveg, svo tryggja megi ferskleika og gæði slógs sem notað er við framleiðsluna. **thg@frettabladid.is**





ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
Jeep

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# SUMARTILBOÐ

# 20% AFSLÁTTUR



## CORINNA

-20%



**VERÐ 120.077 KR**

**VERÐ ÁÐUR 150.096 KR**

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstyrktir kantar, 5 svæðaskip pokagormakerfi, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur með hitajöfnun. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

## AVIANA

-20%



**VERÐ 150.244 KR**

**VERÐ ÁÐUR 187.780 KR**

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt þrýstijöfnunar heilsurúm (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu), sérstyrktir kantar, engin hreyfing milli svefnsvæða.Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

## ALEXA

-20%



**VERÐ 187.840 KR**

**VERÐ ÁÐUR 234.800 KR**

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstyrktir kantar, 5 svæðaskipt pokagormakerfi (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu) framleitt úr sérvöldi tvíhertu hágæðastáli, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur sem gefur enn betri aðlögun og þyngdardreyfingu með hitajöfnun, einstök tilfinning. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.



-20%

## FORTE

RAFSTILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL
MEÐ HALLANDI BAKI OG FÓTASKEMLI

**VERÐ 79.840 KR**

**VERÐ ÁÐUR 99.800 KR**

EINSTAKLEGA VANDAÐUR STÓLL
Á FRÁBÆRU VERÐI



-20%

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

# Sáttatónn í leiðtogunum

**STJÓRNMÁL** Leiðtogar ríkja innan Evrópusambandsins hafa undanfarna fjóra daga fundað um útfærslu á umfangsmiklum björgunarpakka sambandsins vegna kórónaveirunnar. Um er að ræða lengstu fundarlotu leiðtoga Evrópusambandsríkjanna síðan þeir funduðu í fimm daga í Nice árið 2000 um útfærslu á stækkun sambandsins.

Talið er að miðað hafi í rétta átt á fundi leiðtoganna sem haldinn var í gær. Þjóðverjar og Frakkar segja mynd vera komna á grind utan um pakkann á meðan ríkisstjórnir Ítala og Spánar segja lengra vera í land.

Málamiðlun milli deiluaðila miðar við að pakkinn hljóði upp á tæpa 400 milljarða evra. Emmanuel Macron, forseti Frakklands, hótaði að ganga út af fundinum í miðjum viðræðum en Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði í gær að þokast hefði í átt að samkomulagi og hún væri vongóð um að samningar myndu nást í vikunni. Þetta er fyrsta fundalota leiðtoganna í persónu síðan faraldurinn skall á **– hó**


ÞÖRUNGAVERKSMIÐJAN HF.

AÐALFUNDUR

Þörungaverksmiðjunnar hf. verður haldinn þriðjudaginn 28. júní 2020 kl. 14.00 á skrifstofu félagsins, Karlsey, 380 Reykhólum.

**Dagskrá:**
Aðalfundarstörf skv. samþykktum félagsins auk þess sem til afgreiðslu verður tillaga um að veita stjórn félagsins, f. þess hönd, heimild til að kaupa hluti í félaginu sjálfu.







Trú Íslendinga á störfum MDE hefur aukist ef mið er tekið af fjölgun mála þar gegn Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Íslenskum málum hjá MDE fjölgar mikið

**Fjórtán ný mál sem rekin eru fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu hafa verið skráð hjá ríkislögmanni á þessu ári. Tíu mál voru skráð í fyrra og þrjú árið 2017. Hæstaréttarlögmaður segir árangur síðustu ára auka tiltrú á þessari leið.**

**DÓMSMÁL** Nýskráðum dómsmálum gegn íslenska ríkinu hjá Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) fjölgar mikið hjá ríkislögmanni milli ára. Þetta sýna tölur sem Fréttablaðið aflaði hjá embættinu.

Árið 2017 voru þrjú mál sem kærð höfðu verið til MDE skráð hjá embættinu. Árið 2018 voru níu mál skráð, Landsréttarmálið þar á meðal, en í fyrra voru tíu ný MDE-mál skráð hjá embættinu. Til samanburðar voru átta nýskráð mál hjá Hæstarétti Íslands skráð hjá embættinu.

Þrátt fyrir að árið 2020 sé aðeins hálfnað og starfsemi dómstóla hafi verið töluvert löskuð vegna heimsfaraldursins eru nýskráð MDE-mál hjá embættinu á yfirstandandi ári þegar orðin fjórtán talsins.

„Menn eru orðnir almennt meðvitaðri en áður um þessa leið og mikla ekki lengur fyrir sér að senda þangað kærur, svo er málsmeðferðartími dómsins að styttast þannig að það þarf ekki lengur að bíða mörg ár eftir niðurstöðu,“ segir Gunnar Ingi Jóhannsson hæstaréttarlögmaður sem hefur náð hvað bestum árangri íslenskra lögmanna með mál fyrir dómstólnum í Strassborg. Hann segir að lögmenn hafi líklega miklað fyrir sér að kæra, en með aukinni umfjöllun og árangri með íslensk mál sé ljóst að þetta sé alveg raunhæf leið.

> **Ég hef verið þeirrar skoðunar að þeir sem eru með mikilvæg prinsippmál á sviði mannréttinda eigi að láta á þau reyna.**
>
> Gunnar Ingi Jóhannsson



Gunnar tekur þó fram að dómstóllinn taki ekki við hvaða ágreiningsefnum sem er. „Það líta margir á MDE sem fjórða dómstigið en hann gegnir alls ekki slíku hlutverki,“ segir Gunnar. Dómstóllinn sé hins vegar mikilvægur fyrir grundvallarspurningar um mannréttindi. „Ég hef verið þeirrar skoðunar að þeir sem eru með mikilvæg prinsippmál á sviði mannréttinda eigi að láta á þau reyna.“

Mál sem skráð eru hjá ríkislögmanni eru aðeins þau sem dómstóllinn hefur þegar ákveðið að taka til efnislegrar meðferðar og beinir í því skyni spurningum um málavexti og málsástæður til kærandans og ríkisins.

Alls eru kærur frá Íslandi til MDE mun fleiri. Árið 2017 bárust dómstólnum 28 kærur frá Íslandi. Þær voru 24 árið á eftir, en nærri helmingi fleiri árið 2019, eða 40 talsins. Langflestum málum er hins vegar vísað frá dómstólnum og aðeins lítill hluti þeirra fær efnismeðferð. Að því er fram kemur á vef dómstólsins biðu 74 kærur frá Íslandi meðferðar um síðustu áramót. Stór hluti þessarar fjölgunar er vegna svokallaðra hrunmála, en lögmenn sem Fréttablaðið ræddi við telja líklegt að þessi fjölgun mála sé komin til að vera. Áður en hin svokölluðu hrunmál fóru til meðferðar í Strassborg tengdust flestir dómar frá MDE í íslenskum málum ágreiningsefnum tengdu tjáningarfrelsi en nú hefur málum um réttláta málsmeðferð fjölgað mjög.

Í síðustu viku greindi Fréttablaðið frá því að mál formanns Félags endurhæfðra mænuskaddaðra fengi efnismeðferð í Strassborg en málið varðar aðgengi fatlaðs fólks að opinberum byggingum í Reykjanesbæ.

**adalheidur@frettabladid.is**

# Holland kærir Rússland til MDE

**DÓMSMÁL** Hollenska ríkið hefur leitað til Mannréttindadómstóls Evrópu og lagt fram kæru gegn Rússlandi vegna meintra brota gegn rétti hollenskra borgara á réttinum til lífs, banni við pyndingum og fleiri ákvæðum Mannréttindasáttmálans.

Kæran var lögð fram 10. júlí síðastliðinn þar sem byggt er á því að umrædd brot hafi verið framin er breiðþota Malaysia Airlines var skotin niður yfir austurhluta Úkraínu þann 17. júlí 2014. Alls létust 298 farþegar vélarinnar, þar á meðal 196 hollenskir borgarar.

Mjög sjaldgæft er að aðildarríki dómstólsins kæri annað aðildarríki vegna brota á ákvæðum sáttmálans en sérstakur farvegur er fyrir slík mál. Í fréttatilkynningu um málið á vef MDE kemur fram að nú eru fimm slík mál til meðferðar í Strassborg.



Farþegavél malasíska flugfélagsins var í hefðbundnu farþegaflugi frá Amsterdam til Kuala Lumpur þegar hún var skotin niður yfir Úkraínu. MYND/AP

> **Mannréttindadómstóll Evrópu hefur móttekið kæru hollenska ríkisins á hendur Rússlandi.**

Þar kemur einnig fram að annað mál gegn Rússlandi tengt malasísku vélinni er einnig til meðferðar hjá dómstólnum en kærendur þess máls eru aðstandendur fórnarlamba árásarinnar. **– aá**

# Skráðu þig í sumarfrí!



| mán. | þri. | mið. | fim. | fös. | lau. | sun. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 X | 2 X | 3 X | 4 X | 5 X |
| 6 X | 7 X | 8 X | 9 X | 10 X | 11 X | 12 X |
| 13 X | 14 X | 15 X | 16 X | 17 X | 18 X | 19 X |
| 20 X | 21 X | 22 X | 23 X | 24 X | 25 X | 26 X |
| 27 X | 28 X | 29 | 30 | 31 | | |

## 26 kr. afsláttur og glæsilegir vinningar

Veldu þínar 4 vikur og tankaðu með **26 kr. afslætti** á 62 stöðvum, vítt og breitt um landið með Orkulyklinum! Þú gætir líka unnið **gistinótt** á Icelandair hóteli eða **50.000 kr. eldsneytisinneign**. Dregið vikulega.

**Orkan – Ódýrasti hringurinn.**

ORKAN

Gildir með Orkulyklum og -kortum á öllum stöðvum Orkunnar nema á Dalvegi og Reykjavíkurvegi, til 31. ágúst 2020.

# Hættulegt fordæmi



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Það er ánægjuefni að samningar hafi loksins tekist milli Icelandair og Flugfreyjufélags Íslands. Ef samningurinn sem undirritaður var um helgina verður samþykktur þýðir það endalok afar langra og flókinna viðræðna þessara aðila. Flugfreyjur höfðu verið án samnings í rúmlega eitt og hálft ár og rúmlega fimmtíu samningafundir verið haldnir hjá ríkissáttasemjara. Þessi deila á sér því dýpri rætur en þau vandræði sem Icelandair og flugfélög um allan heim standa frammi fyrir vegna heimsfaraldursins.

Fyrstu mánuðirnir í starfi Aðalsteins Leifssonar sem ríkissáttasemjara hafa heldur betur verið viðburðaríkir. Skrifað var undir fjölmarga kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði í miðjum heimsfaraldri, sem hafði veruleg áhrif á alla umgjörð viðræðna. Ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í viðræðum hjúkrunarfræðinga við ríkið, sem virtust komnar í algjöran hnút og var hún samþykkt nokkuð örugglega. Það var svo að frumkvæði ríkissáttasemjara sem samninganefndir Icelandair og flugfreyja settust að borðinu á ný og náðu samningum þegar öll sund virtust lokuð. Hér verður að hrósa Aðalsteini og hans fólki fyrir góðan árangur við erfiðar aðstæður.

Þrátt fyrir samninga við flugfreyjur og aðra hópa starfsmanna er staða Icelandair enn afar viðkvæm. Stórir óvissuþættir eru enn til staðar, eins og niðurstaða úr viðræðum við Boeing, væntanlegt hlutafjárútboð og hvenær ferðamannaiðnaðurinn fer að glæðast fyrir alvöru. Við þessar aðstæður þarf félagið á stuðningi alls samfélagsins að halda. Lífeyrissjóða sem fjárfesta, almennings sem viðskiptavina og stjórnvalda sem bakhjarls. Forsætisráðherra hefur lagt áherslu á að ástæða fyrir mögulegum stuðningi stjórnvalda sé að félagið geri íslenska kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði.

Þess vegna hlýtur sú leið sem forsvarsmenn Icelandair kusu að fara gegn flugfreyjum að teljast afar misráðin. Það að einkafyrirtæki glími við erfiðleika, þótt umtalsverðir séu, getur ekki vikið til hliðar lögbundnum réttindum launafólks. Slíkt myndi setja afar hættulegt fordæmi. Það er langfarsælast að deilur sem þessar séu leystar við samningaborðið.

Sú spurning vaknar líka óhjákvæmilega hvaða áhrif atburðarás síðustu daga munu hafa til framtíðar. Samskipti verkalýðshreyfingarinnar og forystu atvinnulífsins hafa verið stirð að undanförnu svo ekki sé fastar að orði kveðið. Miðað við yfirlýsingar og ummæli sem hafa fallið er erfitt að sjá fyrir sér að það breytist í bráð. Þá styttist í að endurskoðunarákvæði lífskjarasamninga verði virkt en ljóst er að þar þurfa að eiga sér stað viðræður vegna gjörbreyttra aðstæðna. Þar mun ekki síður reyna á stjórnvöld en aðila vinnumarkaðar.

**Það að einkafyrirtæki glími við erfiðleika, þótt umtalsverðir séu, getur ekki vikið til hliðar lögbundnum réttindum launafólks.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Breyttur veruleiki**

Þjóðin hefur fylgst með kjarabaráttu flugfreyja með öndina í hálsinum. Stéttin er að horfast í augu við gjörbreyttan veruleika og því var samningsstaðan ekki sterk. Dæmi um slíkan viðsnúning hjá stéttum eru kannski ekkert sérstaklega mörg en finnast þó ef vel er athugað. Í kjölfar efnahagshrunsins horfði hin fordæmda stétt bankastarfsmanna fram á gjörbreyttan veruleika. Uppgjörið þá var einnig dramatískt enda voru margir starfsmenn reknir en hinir heppnu fengu tilboð um verulega skert launakjör. Yfirgnæfandi meirihluti skrifaði möglunarlaust undir, dauðfegnir að halda vinnunni.

**Dauðasyndin**

Vinsælasta fréttin á helstu vefmiðlum landsins um helgina voru ummæli ungrar leikkonu um nokkur sjávarpláss úti á landi. Gaf hún í skyn að henni þætti lítið til þessara staða komið og framdi þar með einhvers konar dauðasynd. Innan tíðar var leikkonan tekin af lífi með orðum og mátti hún hafa sig alla við að biðjast forláts til þess að lægja öldurnar. Á þessum síðustu og verstu tímum virðist nefnilega vera afar varhugavert að hafa einhvers konar skoðun. Þá er sérstaklega hættulegt ef að sú skoðun kemur við kauninn á einhverjum sem þjáist af þjakandi séríslenskri minnimáttarkennd og hefur ekki burði til þess að halda þeim í skefjum.

# Hætta á sárafátækt



Oddný G. Harðardóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Í haust blasir sárafátækt við mörgum fjölskyldum á Suðurnesjum ef ekkert verður að gert. Suðurnesin er landshlutinn sem í heild verður verst úti vegna atvinnuleysis en í mörgum sveitarfélögum um landið sem orðið hafa fyrir tekjufalli, verða fjölskyldur í miklum vanda.

Á íslenskum vinnumarkaði öðlast fólk fullan rétt á 30 mánaða atvinnuleysisbótum eftir 12 mánuði á vinnumarkaði, þar af eru sex mánuðir tekjutengdir. Hámark tekjutengingar er um 456 þúsund krónur á mánuði og grunnatvinnuleysisbætur eru rúmar 289 þúsund krónur. Margir þeirra sem fóru á atvinnuleysisbætur eftir fall WOW höfðu ekki verið á vinnumarkaði í 12 mánuði. Vel á annað hundrað manns mun fullnýta rétt sinn á næstu vikum. Við þessu fólki blasir ekkert annað en fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og aðstoð sjálfboðaliða með matargjafir. Það framfleytir sér enginn á grunnatvinnuleysisbótum einum og enn síður á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sem er á bilinu um 150–200 þúsund krónur á mánuði. Aðstoðin er misjöfn eftir sveitarfélögum og skilyrðin fyrir aðstoð eru það líka. Afkoman fer eftir því hvar fólkið býr.

Í Reykjanesbæ, þar sem atvinnuleysið var mest fyrir og er mest eftir COVID, mun sárasta vandans fyrst gæta. Þar er fjárhagsaðstoðin 45% af lágmarkslaunum og helmingur grunnatvinnuleysisbóta.

Hvað er til ráða? Ríkisstjórnin þarf í fyrsta lagi að hækka grunnatvinnuleysisbætur upp um krónutöluhækkun lægstu launa samkvæmt lífskjarasamningi. Og því til viðbótar að lengja í því tímabili sem fólk getur verið á atvinnuleysisbótum. Með þessum aðgerðum mun ríkið gera sveitarfélögunum kleift að hlúa að börnum sem búa við fátækt og tryggja að þau fái mat í skólanum, geti notið tómstunda og farið í leikskóla líkt og önnur börn. Aukaverkanir langtímaatvinnuleysis eru vel þekktar og slæmar. Stöðugar fjárhagsáhyggjur og félagsleg einangrun eykur líkur á varanlegri örorku. Vímuefnaneysla, þunglyndi og heimilisofbeldi eru einnig þekktar aukaverkanir.

Það er skylda ríkisstjórnarinnar að bregðast við. Úrræðalaus verður hún að víkja strax!

**Það framfleytir sér enginn á grunnatvinnuleysisbótum einum og enn síður á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sem er á bilinu um 150–200 þúsund krónur á mánuði.**

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir adalheidur@frettabladid.is Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Kristjón Kormákur Guðjónsson kristjon@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Græna byltingin



**Michael Nevin**
sendiherra Bretlands á Íslandi

Ég heyrði nýlega af íslensku popplagi sem ber nafnið Græna byltingin með Spilverki þjóðanna og varð hugsað til titils lagsins þegar ég gladdist yfir útgáfu nýrrar og uppfærðrar aðgerðaráætlunar Íslands í loftslagsmálum.

Áætlunin er skýrt dæmi þess að ríki geta aukið metnað sinn í málaflokknum þrátt fyrir neikvæð efnahagsleg áhrif COVID-19. Í raun ætti COVID-19 að hvetja ríki heimsins til sjálfbærari uppbyggingar efnahagsins, og skapa ný græn efnahagstækifæri.

Vegferð Íslands í loftslagsmálum skiptir Bretland máli. Í fyrsta lagi vegna nándar ríkjanna tveggja þá skiptir sameiginleg sýn okkar á loftslagsmál máli vegna áhrifa á nærumhverfi okkar. Í öðru lagi mun Bretland halda COP26-loftslagsráðstefnuna í Glasgow, 1.–12. nóvember 2021, í samstarfi við Ítalíu. Í þriðja lagi vegna mikilvægis þess að deila reynslu í nýsköpun og efnahagslegra tækifæra sem skapast með grænum áherslum.

COP26-loftslagsráðstefnan á næsta ári veitir ríkjum heims tækifæri til róttækra breytinga í baráttunni gegn, og aðlögunar vegna, loftslagsbreytinga. Í Glasgow þurfa samstarfsríkin að raungera skuldbindingar sínar, sem gerðar voru fyrir fimm árum á grundvelli Parísarsamkomulagsins. Gert er ráð fyrir að öll þátttökuríkin uppfæri ríkjaframlag sitt til að ná fram markmiðinu um kolefnishlutleysi á heimsvísu.

Ísland getur lagt sitt lóð á vogarskálarnar til þess að draga úr áhættunni sem skapast vegna loftslagsbreytinga. Önnur ríki heimsins þurfa einnig að standa í stykkinu til að forðast neikvæð áhrif á Ísland, svo sem með bráðnun jökla, öfgakennda veðráttu, súrnun sjávar og neikvæð áhrif á fiskistofna.

Því er aðgerðaráætlun Íslands mikilvæg. Ekki einungis vegna áhrifa loftslagsbreytinga á Ísland, en einnig vegna þess að Ísland hefur fulla getu til að verða fyrirmynd fyrir önnur ríki í aðdraganda COP26. Næsta árið mun Bretland hvetja önnur ríki, stór og smá, til að auka metnað sinn í loftslagsmálum með uppfærðum landsákvörðuðum framlögum og langtímaáætlunum. Bretland var fyrsta stóra iðnríkið til að lögbinda kolefnishlutleysi. Frá 1990 til 2017 dróst losun Bretlands saman um 40% – sem er mesti samdráttur G7 ríkjanna – en á sama tíma óx efnahagur Bretlands um 73%. Við munum auka metnað okkar enn frekar fyrir loftslagsráðstefnuna í Glasgow.

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft gífurlega neikvæð efnahagsleg áhrif. Það þýðir ekki að við eigum að veigra okkur við framþróun þegar kemur að hinni djúpstæðu ógn sem steðjar að mannkyni, loftslagsvánni. Við höfum tækifæri til að byggja efnahaginn upp á betri og hraðari máta en við höfum þegar gert, til hagsbótar umhverfis og efnahags.



Á þeim áratug sem liðinn er frá síðustu heimskreppu, fjármálakreppunni 2008, hefur umhverfisvæn orka hríðfallið í verði. Sólarsellur eru 87% ódýrari, vindmyllur á landi um 62% og vindmyllur á hafi um 56%. Þetta þýðir að tveir þriðju jarðarbúa búa í ríkjum þar sem endurnýjanleg orka er nú ódýrasti orkugjafinn. Störf sem tengjast endurnýjanlegum orkugjöfum og grænni tækni eru betri en þau sem tengjast jarðefnaeldsneyti. Aukin fjárfesting í endurnýjanlegri orku gæti fjölgað störfum í grænni orku um 42 milljónir á alþjóðavísu til ársins 2050 samkvæmt skýrslu International Energy Agency (IEA) – sem væri fjórföldun miðað við daginn í dag.

Grænn vöxtur er nú stór hluti alls hagvaxtar. Í Bretlandi starfa um 460 þúsund manns við störf sem styðja við grænan efnahag sem gæti skilað Bretlandi 60–170 milljarða punda og störfunum gæti fjölgað upp í 2 milljónir árið 2030. Í skugga COVID-19 leita ríki heimsins leiða til að aðlaga sig að nýjum vinnuaðferðum og að endurmenta ungt fólk og atvinnulausa sem leita að vinnu í erfiðu atvinnuárferði. Þá er rétti tíminn til að breyta um stefnu í átt að endurskipulögðum grænum vinnumarkaði.

Bretland hefur ákveðið að fara þá leið. Ríkisstjórn okkar kynnti áætlanir um stuðning við tugi þúsunda grænna starfa að virði þriggja milljarða punda til að efla vinnumarkaðinn og vernda umhverfið. Við getum lagt grunninn að skynsamlegum og sjálfbærum vexti og á sama tíma komið í veg fyrir að festast í kviksyndi mengunar næstu áratugi.

Aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum skapar fjölmörg tækifæri fyrir náið samstarf Bretlands og Íslands. Loftslagsbreytingar er eitt lykiláherslusviða samstarfsyfirlýsingar Íslands og Bretlands til 2030. Við höfum tækifæri til að sameina krafta okkar við að láta til okkar taka á alþjóðavísu fyrir COP26 og aðstoða þróunarríki við að aðlagast. Við getum unnið saman að umhverfisvænni samgöngum og borgum með aukningu í rafbílum og rafmagnsskipum, þar hefur Ísland sýnt fram á góðan árangur. Við getum deilt reynslu okkar af stefnumörkun og aðferðum til að auka sjálfbæra landnotkun (líkt og Bretland stefnir að með nýrri landbúnaðarstefnu), og aukningu í grænum fjárfestingum.

Nú skapast tækifæri fyrir íslensk stjórnvöld, hagaðila og almenning til að eiga samskipti við okkur í aðdraganda COP26. Sameiginlega getum við ýtt undir metnað ríkja heimsins og tryggt að hitastig jarðar hækki ekki umfram tvær gráður, á sama tíma og við nýtum okkur framtíðarlausnir græns efnahagsvaxtar. Ég bíð spenntur eftir að heyra ykkar hugmyndir.

**Sameiginlega getum við ýtt undir metnað ríkja heimsins og tryggt að hitastig jarðar hækki ekki umfram tvær gráður, á sama tíma og við nýtum okkur framtíðarlausnir græns efnahagsvaxtar.**

# Hugsum ferðaþjónustuna upp á nýtt



**Rósa Björk Brynjólfsdóttir**
þingmaður í atvinnuveganefnd Alþingis

Það er hásumar og bjartra daga og langra nátta ber að njóta vel. Eflaust er sumarið líka langþráður léttir hjá mörgum eftir heimsfaraldur sem tekist hefur vel að glíma við hér á landi, en er því miður enn í vexti í öðrum löndum.

En kannski líka er einstaklega gott að njóta sumardægra og nátta, þegar við vitum af afleiðingum faraldursins á komandi hausti og vetri. Við sjáum því miður fram á áframhaldandi hátt hlutfall atvinnulausra og enn meiri efnahagssamdrátt. Spáð er einni dýpstu efnahagskreppu á heimsvísu á friðartímum og nýlega uppfærð efnahagsspá OECD spáir mun verri stöðu efnahagsmála á Íslandi en áður var talið. Við þess konar aðstæður skipta viðbrögð, sýn og stefna öllu máli.

**Endurhugsum og endurmetum ferðaþjónustuna**

Stóra greinin sem við verðum að koma með skýr viðbrögð og stefnu við COVID-19 er ein af grunnatvinnugreinum okkar; ferðaþjónustan. Sem stóð árið 2018 fyrir 11% af vergri landsframleiðslu og tugir þúsunda manna hafa starfað við undanfarin ár. Greinin var því miður veik fyrir svona risa-áfalli. Hún var skuldsettasta atvinnugrein landsins fyrir heimsfaraldurinn og var ekki byggð á nægilega sjálfbærum grunni sem sást í of háu hlutfalli greinarinnar af efnahagsreikningi ríkissjóðs. Atvinnuleysi hafði aukist í greininni fyrir COVID-19 en ekki bólaði á neinum skýrum viðbrögðum stjórnvalda við þeirri stöðu.

Það voru líka vonbrigði þegar ráðherra ferðamála lýsti því yfir í svari sínu við óundirbúinni fyrirspurn í vor á Alþingi um framtíðarsýn á ferðaþjónustuna, þrátt fyrir mikinn vilja til að byggja ferðaþjónustuna upp á nýtt að „við værum ekki að fara að breyta um neinn kúrs þegar kemur að stefnuramma og leiðarljósi íslenskrar ferðaþjónustu til ársins 2030“.

Nú er nefnilega tækifærið til að byggja upp ferðaþjónustuna upp á nýtt með breyttum kúrsi.

Uppgangur ferðaþjónustunnar eftir hrun var okkur nauðsynleg efnahagsleg viðspyrna, en ekki átakalaust eða án vaxtarverkja. Of mikill ágangur á náttúru, of mikil skuldsetning, dökkar og slæmar vinnuaðstæður starfsfólks í greininni og áætlanir byggðar á of veikum grunni voru veiku hliðar ferðaþjónustunnar en á móti hefur ferðaþjónustan á Íslandi líka þroskast mjög á stuttum tíma og þjónustan orðið betri og verðmætari.

**Tækifærin eru fjölmörg – á réttum forsendum**

Aðstæðurnar sem blasa nú við færa okkur sögulegt tækifæri til að gera hlutina betur en fyrr. Að staldra við og ákveða með hvaða hætti við viljum vinna gegn atvinnuleysinu og efnahagssamdrættinum, sem hefur komið í ljós og mun verða verri, en um leið takast á við langstærstu ógn okkar tíma, loftlagsbreytingar. Þá er lag að við byggjum upp atvinnugrein eins og ferðaþjónustuna á sjálfbærum grunni og með grænum, umhverfisvænum áherslum. Með sjálfbærum rekstri og að greinin grundvallist utan um umhverfisvernd og ábyrga náttúruupplifun. Ekki leggja ofuráherslu á að allt verði eins og áður, að hingað komi aftur sem fyrst alltof mikill fjöldi ferðamanna og að ágangur og álag á bæði náttúru og innviði verði of mikill.

Aðalaðdráttarafl Íslands er íslensk náttúra sem er kannski enn verðmætari í breyttum heimi þegar við höfum fengið tækifæri til að nema staðar og endurmeta umhverfi okkar og heilsu. Náttúru landsins ber að verja og vernda fyrir hvers kyns ágangi, en um leið tryggja að við getum öll uppgötvað hana og sýnt öðrum á ábyrgan hátt af virðingu og með umhyggju.

Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustunnar á byggð, líf og atvinnutækifæri fólks þarf að skoða, rannsaka og meta enn meir, sem og ruðningsáhrif hennar á aðrar greinar. Mennta þarf fleira fólk inn í greinina og búa til alvöru menntastefnu utan um ferðaþjónustuna, því þannig skapast verðmæti til framtíðar í stað þess að halda áfram að byggja upp ferðaþjónustu á erfiðum láglaunastörfum á vertíðartakti. Við höfum líka tækin og tólin til að nýta til að endurhugsa hlutina upp á nýtt í ferðaþjónustunni; ný skýrsla, sem nefnist „Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til ársins 2030“, var unnin í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og greinarinnar og leggur grunninn að nýrri aðgerðaáætlun 2020-2025 sem er nú í vinnslu. Þá aðgerðaáætlun þarf að endurmeta upp á nýtt. Hæfnisetur ferðaþjónustunnar var stofnað árið 2017 sem er samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvalda um heildstæðar lausnir og úrbætur til að auka hæfni og fagmennsku starfsfólks í ferðaþjónustu á Íslandi að ónefndu gæða- og umhverfiskerfinu Vakanum.

Byggjum upp endurnýjaða stefnu og sýn ferðaþjónustunnar til framtíðar, út frá þeirri reynslu sem heimsbyggðin hefur gengið í gegnum undanfarna mánuði. Ekki á ofvexti og of miklum ágangi, ekki á ofurskuldsetningu og freistnivanda um að allt eigi að vera eins og fyrir COVID-19. Skammtímalausnir og óbreytt stefna er nefnilega ekki málið. Heldur skýr, græn framtíðarsýn sem býr til sjálfbær atvinnutækifæri til framtíðar.





**Guðjón Pétur Lýðsson kann vel við sig í Garðabæ.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Guðjón Pétur tekur sæti í ÍTG

**FÓTBOLTI** Guðjón Pétur Lýðsson, sem nýverið fór á lán frá Breiðabliki í Stjörnuna, mun taka sæti í Íþrótta- og tómstundaráði Garðabæjar á næsta ári. Þetta var tilkynnt á síðasta fundi ráðsins og mun Guðjón taka við sæti Hannesar Inga Geirssonar.

Guðjón hefur verið viðloðandi pólitík fyrir Garðabæjarlistann og var í sjötta sæti fyrir listann í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Hann á og rekur GPL sf. og er einn af eigendum North Investment ehf. sem starfrækir 14 skrifstofur og leigir út skrifstofurými til minni fyrirtækja og einstaklinga.

Guðjón er 33 ára gamall og hefur leikið yfir 200 leiki í efstu deild og skorað 45 mörk auk þess að leggja upp ógrynni af mörkum. – bb



**Ronaldo hefur unnið Gullboltann fimm sinnum.** MYND/GETTY

## Enginn fær Gullboltann í ár

**FÓTBOLTI** Tímaritið France Football hefur ákveðið að engum knattspyrnumanni eða -konu verði veittur Gullboltinn, eða Ballon d'Or, fyrir tímabilið. Þetta er í fyrsta sinn sem því hefur verið sleppt síðan boltinn var veittur í fyrsta sinn árið 1956.

Pascal Ferre, ritstjóri blaðsins, segir í yfirlýsingu að aðstæður séu þannig að enginn skari fram úr á þessum furðulegu tímum. Ákvörðunin hafi verið erfið en hann vonar að Gullboltinn skíni aftur árið 2021. Sem fyrr voru Lionel Messi og Cristiano Ronaldo taldir líklegir til afreka en einnig Sergio Ramos og Robert Lewandowski. – bb



**Bríet starfar sem sjúkraþjálfari hjá Afl og hefur verið beðin um að vera tilbúin að dæma erlendis í ágúst, september og október.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Félögin verða að axla ábyrgð

**Dómaratríóið í viðureign Selfoss og Þórs/KA voru konur og segir Bríet Bragadóttir, eini kvenkyns millirikjadómari, að það vanti fleiri stelpur í dómarastéttina. Félögin verða að búa til fleiri dómara.**

**FÓTBOLTI** Bríet Bragadóttir millirikjadómari dæmdi leik Selfoss og Þórs/KA á sunnudag en með henni voru þær Eydís Ragna Einarsdóttir og Rúna Kristín Stefánsdóttir. Ekki er mjög algengt að þær dæmi saman leiki en komust þær vel frá sínu hlutverki og dæmdu leikinn vel. Í umfjöllun fótbolta.net um dómarann sagði að það væri alltaf einn og einn dómur sem fólk væri ekki sátt við en stóru ákvarðanirnar voru upp á tíu. Fékk Bríet 7,5 í einkunn fyrir leikinn.

„Það er ekki algengt að dómaratríóið séu konur en þetta hefur gerst einhvern tímann áður,“ segir Bríet. „Þessi leikur gekk vel fannst mér. Að starfa með þessum stelpum er gott og við höfum unnið töluvert saman. Ég hef farið í erlend verkefni með þeim báðum og það er þægilegt að dæma með þeim. Við vitum kosti og galla hver annarra þannig að það er gott að hafa þær á hliðarlínunni,“ bætir hún við.

> **Þegar stelpur hætta að spila þá mættu fleiri taka upp flautuna. Ég sjálf byrjaði að dæma eftir meiðsli og varð miklu betri dómari en ég var sem leikmaður**

Bríet er eini kvenkyns millirikjadómari landsins, Rúna er sú eina sem er skráð millirikjaaðstoðardómari og Eydís er landsdómari. „Það vantar fleiri konur að dæma, ekki spurning. Við erum þrjár sem erum landsdómarar og svo eru þrjár að dæma í neðri deildunum. Við erum ekkert mikið fleiri og það væri gott að fá fleiri stelpur inn í dómgæsluna.“

Hún segir að flestir leikmenn í þriðja flokki fari í gegnum unglingaprófið í dómgæslu en af einhverjum ástæðum halda fáar stelpur áfram – sem sé synd því starfið sé skemmtilegt þrátt fyrir stundum misgáfuleg ummæli og áreiti frá bekkjum liðanna. „Þegar stelpur hætta að spila þá mættu fleiri taka upp flautuna. Ég sjálf byrjaði að dæma eftir meiðsli og varð miklu betri dómari en ég var sem leikmaður.

Það tekur um fimm leiki að venjast áreitinu og finna taktinn. En þetta er ekkert persónulegt og þjálfarar og leikmenn eru að tjá sig um fótboltann. Það er ekkert verið að ráðast á persónuna en ef það er farið yfir línuna þá eru gulu og rauðu spjöldin í vasanum ef þarf. Það kemur fljótt skrápur á mann og ekkert sem er að trufla mann milli leikja.“

Bríet er ákveðin fyrirmynd þegar kemur að dómgæslu. Hún hefur tekið þátt með KSÍ að fá fleiri stelpur til að dæma og segir að hún sé í símaskránni ef einhver er að spá í að taka upp flautuna. „Þetta er skemmtilegt starf og ég hef mætt á leiki hjá stelpum sem eru að stíga sín fyrstu skref til að gefa þeim punkta og annað. Það á enginn að þurfa að byrja aleinn í þessu og það er auðvelt að hringja í mig.“

Bríet segir að félögin megi vera duglegri að finna hæfileikaríkt fólk. „Liðin mega alveg vera betri í að virkja styrk einstaklinganna. Ef leikmaður er ekki að fara að ná langt innanvallar þá er um að gera að beina þeim í aðrar áttir innan fótboltans. Það er mikið innan fótboltans sem þarf að manna, eins og þjálfun og dómgæsla sem dæmi. Ég held að félögin þurfi að axla ábyrgð og koma fleiri dómurum, bæði strákum og stelpum, á framfæri og finna sína hillu. Því meira sem félögin aðstoða, því betri dómarar skila sér.“

**benediktboas@frettabladid.is**

# Ísfirðingar fá norskt knatthús fyrir hálfan milljarð

**FÓTBOLTI** „Næstu mánuðir verða nýttir til að undirbúa verkið sem best og ef allt gengur eftir ættu framkvæmdir að geta hafist næsta vor og framkvæmdum lokið í haustbyrjun 2021,“ segir Birgir Gunnarsson bæjarstjóri í bréfi sínu um knatthús sem kynnt var á bæjarráðsfundi Ísafjarðarbæjar.

Kostnaðaráætlun miðast við 456 milljónir og er þá búið að taka tillit til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu á verkstað, vinnu við grunn, stauraundirstöður, framlags úr Mannvirkjasjóði KSÍ og fjármagnskostnaðar. Áætlunin miðast því við heildarkostnað við fullbúið hús.

Í bréfi Birgis segir að unnið hafi



**Vestri er í sjötta sæti í Lengjudeildinni eftir gott gengi. Félagið hefur haft bágborna aðstöðu til að sparka yfir vetrarmánuðina.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Ef allt gengur eftir ættu framkvæmdir að geta hafist næsta vor og framkvæmdum lokið í haustbyrjun 2021**
>
> Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri

verið að undirbúningi og viðræður hafa verið í gangi við norska fyrirtækið Hugaas Entreprenør AS í Noregi undanfarnar vikur. Á sínum tíma barst ekkert tilboð í verkið á sínum tíma og því ekkert því til fyrirstöðu að leita leiða til að semja um verkið á grundvelli skilmála í útboði.

Verkfræðistofa Verkís hefur komið að málinu og á að sannreyna að tilboð Norðmanna sé í samræmi við skilmála útboðs og standist allar þær gæðakröfur sem gerðar eru til byggingarinnar. Niðurstaða Verkís er að það hús sem Norðmenn bjóða uppfylli að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru til hússins.

Verkís hefur einnig yfirfarið hönnun á undirstöðum því nauðsynlegt er að reka niður stauraundirstöður þar sem djúpt er niður á fast á fyrirhuguðum byggingarstað. Telur verkfræðistofan að það taki 4–6 vikur að reka staurana niður. – bb

# FARTÖLVUR!

## ÞÚ FINNUR RÉTTU TÖLVUNA HJÁ OKKUR



### APPLE MACBOOK AIR 2020

· Ótrúlega léttar og þunnar tölvur sem eru aflmeiri en nokkurn tímann áður
· 20% stærri snertiflötur og nýtt Magic lyklaborð
· Skelinn er úr 100% endurunnu áli



ASUS

### ASUS VIVOBOOK 15

· Fæst nú með 10. kynslóð Intel i5 örgjörva
· Rammalaus NanoEdge skjár, nýtir stærðina enn betur
· Með ErgoLift löm sem lyftir tölvunni örlítið, fyrir aukin þægindi



acer

### ACER NITRO 5

· Yfirgnæfandi afkastageta með 10. kynslóð Intel örgjörva og Nvidia skjákorti
· Nú með DTX:X Ultra hljóðstýringu sem skilar skýrara og kraftmeira hljóði
· KillerConnectivity gerir þér kleift að forgangsraða forritum fyrir notkun á netinu



### APPLE MACBOOK PRO 2020

· Tilvalin fyrir þau kröfuhörðustu, hönnuð til að auðvelda vinnuflæði og afköst
· Nú fáanleg með örgjörva sem eykur afköst skjástýringar um allt að 80%
· Nýtt Magic lyklaborð með meiri nákvæmni



acer

### ACER PREDATOR TRITON 500

· Ótrúlega kraftmikil miðað við stærð
· Notar CoolBoost tækni sem stillir kælinguna eftir þörfum
· 300Hz endurnýjunartíðni sem er allt að 4x meira en í hefðbundnum fartölvum



ASUS

### ASUS EXPERTBOOK

· Ein léttasta 14" fartölvan á markaðnum
· Handhafi RedDot 2020 verðlaunanna
· Rafhlaða endist í allt að 24 tíma

tl.is

**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · AKRANES

TÖLVU LISTINN



Litla ljósið okkar,
**Salka Rut Brynjarsdóttir**
Núpalind 2, Kópavogi,
lést á Barnaspítala Hringsins
sunnudaginn 12. júlí.
Útförin fer fram frá Lindakirkju,
föstudaginn 24. júlí kl. 13.00.

**Brynjar Snær Kristjánsson** **Harpa Rut Harðardóttir**
**Bríet Rós Brynjarsdóttir**
**Hörður Ágúst Oddgeirsson** **Kristín Líndal Hafsteinsd.**
**Kristján Ágústsson** **Bryndís Konráðsdóttir**



Elskulegur faðir minn, sonur okkar,
bróðir, mágur og frændi,
**Hersir Mar Jónsson**
Svölutjörn 46, Njarðvík,
lést föstudaginn 10. júlí.
Útförin fer fram frá Vídalínskirkju,
föstudaginn 24. júlí kl. 13.

**Alexander Agnar Hersisson**
**Jón Valgeirsson** **Þórdís Erlingsdóttir**
**Ívar Örn Jónsson** **Thea Møller Þorleifsson**
**París Møller Ívarsdóttir**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA




Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Jóhannes við ævistarfið. Þarna eru Víkurblaðið og Skarpur innbundin af föður hans, Sigurjóni Jóhannessyni. MYND/EINAR H. HARALDSSON

# Handskrifaði allt í byrjun

**Jóhannes Sigurjónsson á Húsavík hefur lagt blaðaritstjórn á hilluna eftir fjörutíu og eins árs starf. Þeir eru ófáir pistlarnir og leiðararnir sem eftir hann liggja.**

Þetta eru töluverð tímamót, en tímabær," segir Jóhannes Sigurjónsson, ritstjóri Víkurblaðsins á Húsavík og síðar Skarps, sem hefur kvatt starfið sitt, sáttur í huga. „Við byrjuðum saman ég og Arnar Björnsson íþróttafréttamaður og hættum sama ár. Honum var reyndar sagt upp en ég tók þessa ákvörðun. Það varð sameining á blöðunum tveimur sem voru gefin út hér á Norðausturlandi, sem voru annars vegar Vikudagur á Akureyri og mitt blað sem hét Skarpur. Úr þeim tveimur varð til Víkurblaðið. Ég er búinn að gefa út blað í 41 ár. Þegar þessi sameining varð fannst mér liggja beint við að gamlir hundar eins og ég drægju sig í hlé. Ég verð 67 ára í febrúar þannig að það er stutt í eftirlaunaaldurinn."

Nú kveðst Jóhannes njóta þess að slaka á og taka á móti skyldfólkinu, því straumur fólks liggi norður á Húsavík. „Faðir minn féll frá á síðasta ári, 94 ára, og ég er staðarhaldari í ættaróðalinu sem er talsvert stórt hús. Við erum sex systkinin og ég er í því að opna dyr og hleypa þeim inn, og börnum okkar, barnabörnum og alls konar viðhengjum. Þetta er mjög gaman. Svo er mikil tilbreyting í því og spennandi að fá blað inn um lúguna og lesa alls konar fréttir héðan af svæðinu sem ég hef ekki skrifað eða prófarkalesið þrisvar, fjórum sinnum."

En hvernig skyldu heimamenn taka því að hann sé hættur? „Ja, það eru náttúrlega margir sem byrjuðu sem áskrifendur að Víkurblaðinu 1979 og héldu tryggð við það og síðan Skarp en þeim fer eðlilega alltaf fækkandi enda meðalaldurinn líklega um sjötugt. Það er enginn áskrifandi að blaði lengur sem er yngri en 65 ára, það er einfalt mál. Sjálfur er ég dálítið háður því að vera með pappírinn í höndunum. Ég er af gamla skólanum."

Tæknibreytingar í blaðaprentun hafa verið miklar á 40 árum. „Við vorum þrír sem stofnuðum Víkurblaðið 1979, við Arnar Björns og Kári Arnór Kárason. Þá þurfti að velja ritstjóra og ég kom ekki til greina því ég kunni ekki á ritvél. Mínar fréttir voru allar handskrifaðar og send- ar í prentsmiðjuna þannig. Svo lærði ég nú á ritvél og síðar kom tölvan. Svo tók ég allar myndir sjálfur og framkallaði og kópíeraði svart-hvítt í bílskúrnum. Það hefur orðið alger bylting."

Ekki segir Jóhannes eina frétt eða stund eftirminnilegri en aðra í þessu streði öllu. Allt renni saman í eitt. „Ef maður er með vikublað er náttúrlega hending ef maður er fyrstur með einhverja frétt. Þó gat það komið fyrir áður en allt byrjaði að fljúga samstundis á netinu. Blaðið mitt var hluti af Degi á sínum tíma, þá var ég bara í að skrifa pistla og vangaveltur fyrst og fremst, enda kann ég því best. Svo var ég smá tíma á DV eftir að Dagur hætti og þá var hátindi blaðamennskunnar náð, því ég var rekinn af DV sama dag og Jónas Kristjánsson ritstjóri. Það er toppurinn á mínum ferli að hafa fylgt þeim meistara í brottrekstri."

Spurður hvort hann hafi lent í ævintýraferðum eða háska í sambandi við starf sitt svarar Jóhannes: „Nei, ég er ekki fréttamaður fyrir fimm aura og er þekktur fyrir að fara ekki lengra en út í dyragættina eftir fréttum. Það er auðvitað sérkennilegt að vera blaðamaður í 40 ár og enginn fréttamaður!"



Yndisleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
**Arnheiður Árnadóttir**
Hraunbæ 103 (áður Glæsibæ 1),
lést á líknardeild Landspítalans
14. júlí. Útförin verður 22. júlí klukkan
13 frá Árbæjarkirkju. Blóm og kransar
vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja
minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Theódór Óskarsson**
**Guðrún Theodórsdóttir** **Kristján Georg Björnsson**
**Óskar Theódórsson** **Katla Sveinbjörnsdóttir**
**Bryndís Theódórsdóttir** **Gísli Kristján Birgisson**
**Guðni G. og Arna María Kristjánsbörn,**
**Theódór, Arnheiður Rós, Pétur og Pálmi Óskarsbörn,**
**Hildur Sif, Theódóra og Hinrik Hjaltabörn**
**og barnabarnabörn.**



Elsku hjartans eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi, sonur og tengdasonur,
**Gunnar M. Erlingsson**
löggiltur endurskoðandi,
Hæðarseli 14, Reykjavík,
lést á Landspítalanum við Hringbraut
11. júlí umvafinn ástvinum sínum.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju,
fimmtudaginn 23. júlí klukkan 13.

**Lilja Guðjónsdóttir**
**Kolbrún Fríður Gunnarsdóttir** **Sigurður D. Sigurðarson**
**Andri Örn Gunnarsson** **Dagný Jónsdóttir**
**Gunnar Örn Sigurðarson** **Björgvin Logi Sigurðarson**
**Lilja Kristín Sigurðardóttir** **Birkir Úlfar Sigurðarson**
**Kolbrún Gunnarsdóttir** **Erling J. Sigurðsson**
**Sigfríður Runólfsdóttir**
**systkini og fjölskyldur þeirra.**

# Fólk
Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 21. JÚLÍ 2020



Tinna Royal varð fyrir áhrifum frá listakonu sem bjó til pínulitlar peysur og bjó til pínulitla stofu. MYND/SJÖFN MAGNÚSDÓTTIR

# Hugsaði bara, ég get gert þetta og ég gat það

Tinna Rós Þorsteinsdóttir, bæjarlistamaður Akraness, vinnur að því að búa til pínulitla stofu. Innanstokksmunirnir eru meðal annars búnir til úr sushi-prjónum og eru það litlir að hún raðar þeim í hillurnar með flísatöng. ➜2

DAG HVERN LESA
93.000
ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI
HEIMILD: PRENTMIÐLAMÆLING GALLUP OKT-DES 2019, 12-80 ÁRA,
ALLT LANDIÐ HAGSTOFA ÍSLANDS, MANNFJÖLDATÖLUR, 2019



Hillan er meðal annars búin til úr sushi-prjónum. Erfiðast fannst Tinnu að koma pínulitlum skrautmunum fyrir en til þess notaði hún tangir.



Eftir sýningu á mini-stofunni stefnir Tinna á að halda málverkasýningu með nammiþema.

Framhald af forsíðu ⇒



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Tinna kallar pínulitlu stofuna sína mini-stofuna. Þar má sjá hillur úr sushi-prjónum, blómapotta úr kremtöppum og pínulitlar eftirlíkingar af vinsælum hönnunarvörum, eins og Kaj Bojesen-apanum, sem er á stærð við eina krónu.

Veggirnir eru panelklæddir og veggfóðraðir og á einum þeirra hangir pínulítið málverk. Tinna segir að mestallt efnið í stofuna hafi hún fundið heima hjá sér.

„Ég nota bókbandslím, sem er alveg eins og trélím í áferð og útliti, en ég held að þegar það heitir bókbandslím sé það sýrufrítt. Það eru engin framandi efni í gangi. Sushi- prjónana nota ég sem stoðir og svo nota ég kartonpappír og tannstöngla. Ég keypti að vísu svona prik, eins og læknar nota til að skoða upp í kokið á fólki, í apóteki. Ég þurfti að leika það fyrir konuna í apótekinu því ég vissi ekki hvað þetta hét en vissi að þetta var til og væri geðveikur efniviður. Sléttur, vel með farinn og ólakkaður. Ég keypti box af þessu sem kostaði varla neitt. Flest annað átti ég bara heima, gamla Ikea-ramma og tappa af handáburði og vanilludropum. Maður grípur þetta bara úr skápunum. Um leið og maður setur á sig minigleraugun þá breytist allt í efnivið. Mér fannst erfiðast að finna pínulitlar lamir. Ég fann þær í Kína. Líklega eru þær til einhvers staðar í Reykjavík en ég er svona nútímamanneskja sem vil versla allt á netinu. Íslenskar verslanir eru ekkert sérstaklega aðgengilegar á netinu svo ég fór aðrar leiðir,“ útskýrir Tinna.

## Hugmyndin vatt upp á sig

Hugmyndin að mini-stofunni er sprottin frá japanskri listakonu sem Tinna fylgir á Instagram.

„Hún prjónar pínulitlar peysur og gerir líka bókahillur og pínulítil húsgögn. Ég held ég hafi smitast aðeins af henni. Þetta gerðist bara eitt kvöldið. Ég hugsaði, ég get gert þetta og ég gat það alveg. Upprunalega ætlaði ég bara að gera múrvegg með glugga sem hægt væri að opna og loka. Svo hugsaði ég að það væri geðveikt ef þú gætir kíkt inn og séð stofu. Svo vatt þetta upp á sig og ég fór að vera með blómapotta, hillur og hönnun. Stofan sjálf er tilbúin en ég á eftir að klára að ganga frá umgjörðinni. Ég á eftir að setja rafmagn. Það verða stofuljós og jafnvel lampi,“ segir Tinna, sem notar listamannsnafnið Tinna Royal.

Tinna tekur fram að Royal-nafnið tengist engu konunglegu heldur sé það komið frá Royal- búðingum.

„Ég var að búa til Facebooksíðuna mína og langaði ekki að kalla hana Tinna málverk eða Tinna listamaður. Ég var búin að búa til risastóran Royal-búðing. Sem sagt kassa sem ég málaði eins og Royal-búðing svo ég hugsaði: Ég skrifa bara Tinna Royal, svo skipti ég kannski um skoðun seinna, en ég gerði það aldrei. Ári seinna fer ég svo í viðtal út af steypukleinuhringjum sem ég bjó til og blaðamaðurinn skrifar Tinna Rós Þorsteinsdóttir, betur þekkt sem Tinna Royal. Eftir það ákvað ég að kalla mig Tinnu Royal. Þetta var árið 2015.“

## Nammiþemasýning og sýning á pínulitlum hlutum

Mini-stofan verður til sýnis á Vökudögum sem haldnir verða á Akranesi í haust. Þar verður kannski hægt að skoða aðra pínulitla hluti eftir Tinnu en hún hefur meðal annars búið til mini-Egil Helgason með fylgihlutum, bókastandi og gleraugum en þar áður gerði hún mini-Almar í kassanum. Tinna segir að mini-stofan sé samt það minnsta sem hún hefur gert og að mini-Egill Helga myndi ná upp í loft í stofunni.

Fyrir utan mini-stofuna vinnur Tinna að málverkasýningu sem hún heldur næsta vor áður en hún skilar bæjarlistamannstitlinum.

„Þetta verður nammiþemasýning, ég veit ekki hvort það er græðgiskrakkinn í mér sem er að stjórna sýningunni en ég ætla að mála leikföngin sem ég fékk ekki og langaði í og nammið sem maður var með á heilanum. Um leið og maður eignaðist hundraðkall þá voru draumar látnir rætast í sjoppunni.“



Stofan er pínulítil. Málin eru um það bil 25x25x10 cm. Veggfóðrið er eftir William Morris.



Glugginn hans Joey í Friends er fyrirmynd gluggans.



Málverkið er eftirgerð af mynd eftir Sandro Botticelli.




Þessir pínulitlu hlutir eru eftirlíkingar af vinsælum skrautmunum á heimilum á Íslandi.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

# Söfn á Íslandi

ÞRIÐJUDAGUR 21. JÚLÍ 2020

**Kynningar:** Byggðasafn Hafnarfjarðar, Borgarsögusafn Reykjavíkur, Listasafn ASÍ




Björn Pétursson er bæjarminjavörður í Hafnarfirði en þar eru nú níu ólíkar sýningar í gangi víðs vegar um bæinn. Björn segir að sýningarnar séu ólíkar og mjög áhugaverðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Áhugaverðar sýningar í Byggðasafni Hafnarfjarðar

Í Byggðasafni Hafnarfjarðar eru að jafnaði níu sýningar í gangi í sex húsum víðs vegar um bæinn. Þann 1. júní ár hvert er opnuð ný þemasýning í forsal Pakkhússins sem stendur fram að næsta vori. Sýningarnar henta fyrir alla fjölskylduna og er ókeypis aðgangur á öll söfn í Hafnarfirði. →2

**Framhald af forsíðu** ➪

Að þessu sinni er nýja sýningin tileinkuð trillu- og grásleppukörlum og sögu smábátaútgerðarinnar í bænum á síðari hluta 20. aldar, að því er Björn Pétursson, bæjarminjavörður Hafnarfjarðar, skýrir frá. „Á sýningunni er hægt að fræðast um grásleppukarlana og líf þeirra auk ýmiss annars sem snýr að þróun og sögu smábátaútgerðarinnar og bátasmiðanna í bænum. Þar er meðal annars hægt að skoða endurgerðan grásleppuskúr með öllu því sem þeim fylgdu og þá er búið að setja fallega trillu, „Helga Nikk", á torgið fyrir framan Pakkhúsið," segir Björn.

## Ljósmyndasýning á strandstígnum við höfnina

„Safnið hefur einnig sett upp nýja ljósmyndasýningu á strandstígnum við höfnina á hverju vori. Þessi sýning samanstendur af rúmlega 50 ljósmyndum sem settar hafa verið upp á 20 skilti sem standa við strandstíginn, allt frá Dröfn og vestur eftir Herjólfsgötunni. Að þessu sinni er sýningin til minningar um að nú eru liðin 80 ár frá hernáminu en það og hersetan setti sterkan svip á Hafnarfjörð. Þessar ljósmyndir varpa skemmtilegu ljósi á lífið í bænum á þessum árum og hvaða áhrif hernámið hafði á daglegt líf í Hafnarfirði.

## Siggubær lifnar við

Þó að Siggubær hafi verið um áraraðir hluti af safninu má í raun segja að nú sé hér einnig að finna nýja sýningu. Siggubær hefur verið lokaður í rúmt ár vegna viðhalds og lagfæringa en nú er búið að opna bæinn aftur og er þar að sjá sýningu um hið dæmigerða alþýðuheimili í Hafnarfirði frá fyrri hluta 20. aldar en Siggubær er síðasti bærinn í Hafnarfirði," bendir Björn á.

Þegar Björn er spurður hverju hann mæli helst með, svarar hann: „Það fer allt eftir áhugasviði hvers og eins. Eins og ég sagði áður þá eru sýningar safnsins að jafnaði níu hverju sinni og mjög misjafnar og fjölbreyttar. Helst mæli ég með gönguferð um bæinn með stuttu stoppi í hverju húsi og innliti á allar sýningarnar, þá finna örugglega allir eitthvað áhugavert að skoða. Það er boðið upp á leiðsögn fyrir hópa um sýningar safnsins en einnig er í boði leiðsögn við viss tækifæri og er þá bæði fyrir börn og fullorðna," segir hann.

Björn segir Hafnfirðinga mjög duglega að koma í heimsókn á sýningar safnsins og hefur sú verið reyndin um margra ára skeið. „Við fáum þó einnig mikið af öðrum gestum, bæði utanbæjarfólki og erlendum ferðamönnum þótt þeir hafi vissulega ekki verið margir í sumar á safninu.

## Margar ólíkar sýningar

„Sérstaða Byggðasafnsins í Hafnarfirði felst eflaust einkum í því, annars vegar að við erum með fjölmargar og ólíkar sýningar og hins vegar í þeirri staðreynd að sýningar þessar eru á víð og dreif um bæinn. Í Pakkhúsinu, sem er aðalsýningarhús safnsins, eru þrjár sýningar, þemasýning um grásleppukarla, stór fastasýning um sögu Hafnarfjarðar og leikfangasýning fyrir börn. Í Sívertsens-húsinu er saga Bjarna Sívertsens og fjölskyldu rakin og ljósi varpað á hvernig yfirstéttarfjölskylda í Hafnarfirði bjó á fyrri hluta 19. aldar. Í Beggubúð er búið að setja upp verslunarminjasýningu. Í Bookless Bungalow er saga erlendu útgerðarinnar sögð með áherslu á skosku bræðurna Doglas og Harry Bookless. Í Siggubæ er ljósi varpað á heimilisaðstæður alþýðufólks og í Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar og í



**Í Pakkhúsinu er þemasýning um grásleppukarla.** FRÉTTABLAÐIÐ/ ERNIR



**Það er margt áhugavert fyrir börn í Byggðasafninu í Hafnarfirði, meðal annars leikfangasýning þar sem hægt er að prófa gamla tölvuleiki.**



**Hægt er að gerast fornleifafræðingur í safninu og leita að verðmætum.**



**Hersetan setti sterkan svip á Hafnarfjörð á sínum tíma.**



**Nýlega var útbúinn endurgerður loftskeytaklefi úr síðutogaranum Röðli á fastasýningu safnsins í Pakkhúsinu. Þar ber ýmislegt fyrir augu gesta.**

Góðtemplarahúsinu er sýning um sögu bæði hússins og góðtemplarahreyfingarinnar í bænum. Góðtemplarahúsið í Hafnarfirði er elsta samkomuhús landsins og hefur það verið miðpunktur í öllu menningar- og félagsstarfi í bænum svo áratugum skiptir. Þá er ótalin ljósmyndasýningin á Strandstígnum sem að þessu sinni er um hernámið í Hafnarfirði."

## Fyrir börnin

„Efsta hæð Pakkhússins er tileinkuð börnum, leikjum og leikföngum og þar er alltaf eitthvað nýtt að sjá og skoða. Þar geta börn m.a. prófað gamla tölvuleiki, skoðað gömul leikföng, séð sig í spéspeglum eða prófað að vera fornleifafræðingar að grafa upp minjastað frá tímum Hansakaupmannanna í Hafnarfirði. Það er ansi misjafnt hvað kemur fólki helst á óvart, ætli það sé ekki hve fjölbreytt það er og sýningarnar ólíkar hver annarri. Fólki kemur líka oft á óvart hversu ríkur bærinn er af sögu og menningu," segir Björn.

Ekkert veitingahús er á safninu sjálfu en í næsta nágrenni við safnið er að finna nokkur mjög góð kaffihús og einnig veitingastaði, enda hefur verið mikil gróska í þeim geira í Hafnarfirði á undanförnum árum.

## Frítt inn í söfnin

Björn bendir á að gamli bærinn í Hafnarfirði sé sjarmerandi og iði af lífi. „Þangað er gaman að koma og ganga um gömlu göturnar sem hlykkjast um hraunið og virða fyrir sér bárujárnshúsabyggðina og andann sem tengir hraunið, byggðina og höfnina saman og upplifa þannig lifandi sögu," segir hann en ókeypis er inn á öll söfn í Hafnarfirði, allar sýningar Byggðasafnsins og í Hafnarborg. „Víða um bæinn eru komin upp sögu- og minjaskilti á vegum Byggðasafnsins sem varpa ljósi á hin ýmsu atriði í sögu bæjarins," segir Björn.

Byggðasafnið hefur opnað nýja sögugöngu í Wappinu um Austurgötuna. Nánar er hægt að fræðast um appið á slóðinni hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/ny-sogu-ganga-um-austurgotuna.

Opnunartími húsanna er nokkuð misjafn en yfir sumarmánuðina eru Pakkhúsið, Sívertsens-hús og Bookless Bungalow opin alla daga kl. 11.00–17.00 en hin einungis um helgar á sama tíma.

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir | **Sölumaður auglýsinga:** **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, | **Veffang:** frettabladid.is

# SAMFERÐA Í SÖFNIN




Um allt land er að finna forvitnileg hús og fjölbreytileg söfn sem hlotið hafa viðurkenningu safnaráðs fyrir faglega starfsemi.

Viltu kíkja í torfbæ?
Viltu kanna líf og starf landans gegnum aldirnar?
Viltu ganga til bæna í sögulegri kirkju?
Eða viltu kynnast öðrum kimum menningararfsins?

Verum samferða.

www.thjodminjasafn.is

**ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS**

ÍSLENSKU SAFNAVERÐLAUNIN
2020

# Söfn um víða veröld

Víða um veröld er að finna áhugaverð söfn þar sem má fræðast um merkilega atburði í heimssögunni og fleira.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is


Neðansjávarsafnið í Cancun er jafnframt listaverk og tilraun til að veita kóröllum nýtt svæði til þess að breiða úr sér. MYND/GETTY IMAGES.

### Neðansjávarsafnið í Cancun

Neðansjávarsafnið, eða Museo Subacuático de Arte (MUSA) í Cancun í Mexíkó, var byggt árið 2009 á botni hins asúr-bláa hafs er umkringir Cancun, Isla Mujeres og Punta Nizuc. Þetta sérkennilega safn var opnað í nóvember 2010 og hefur að geyma yfir 500 skúlptúra í raunstærð sem komið hefur verið kirfilega fyrir á hafsbotninum. Safnið gegnir hlutverki eins konar gervirifs, en slík fyrirbæri verða vanalega til þegar skip og aðrir munir sökkva á hafsbotn.

Skúlptúrarnir eru jafnframt útsettir holum og gerðir úr PH hlutlausu efni sem hentar sérlega vel fyrir þörunga, þara og kóral að vaxa á. Um er að ræða þrjú gallerí sem eru á þriggja til sex metra dýpi. Megnið af skúlptúrunum eru eftir breska listamanninn Jason deCaires Taylor en hin verkin eru eftir fimm mismunandi skúlptúrista frá Mexíkó.

Útkoman er óhugnanleg en þó fögur og sýnir óafturkræf áhrif mannsins á umhverfi sitt. Gestir geta heimsótt þetta neðansjávarundur hvort heldur er í kafarabúningi, með snorkl-græjur eða um borð í báti með glerbotni. Listaverkið hefur á þessum fáu árum gerbreytt mynd hafsbotnsins og með tímanum mun safnið vonandi hverfa algerlega undir nýtt og heilbrigt kóralrif.

### DDR-safnið

DDR (Deutsche Demokratische Republik)-safnið í hjarta Berlínarborgar er staðsett í fyrrum Austur-Þýskalandi, rétt við ána Spree, gegnt Dómkirkju Berlínar. Það er ekki að ástæðulausu að safnið er ellefta mest heimsótta safnið í Berlín og var tilnefnt til evrópsku safnaverðlaunanna árið 2008. Safnið var opnað í júlí 2006 að frumkvæði þjóðháttafræðingsins Peter Kenzelmann frá Freiburg, eftir að hann hafði leitað vítt og breitt að safni um DDR í Berlín en ekki fundið neitt.


Lífið í blokkinni. Gestir fá að upplifa hversdagslífið í Austur-Þýskalandi, meðal annars með því að máta föt, sjá hvað var í sjónvarpinu og upplifa það að láta hlera sig.

Saga Berlínar vaknar til lífsins í þessari einstöku gagnvirku upplifun þar sem gestir fá nasaþefinn af því hvernig það var að búa í Þýskalandi sósíalismans á árunum 1949 til 1990. Safnið skiptist í þrjá hluta sem hver er settur fram á gagnrýninn hátt, „Opinbert líf“, „Ríki og hugmyndafræði“ og svo „Lífið í blokkinni“. Til dæmis gefur hlerunartæki gestum tækifæri til þess að upplifa það að vera undir ströngu eftirliti yfirvalda. Einnig má heimsækja endurgerða íbúð í DDR-íbúðablokk þar sem hægt er að máta DDR-fatnað, skoða sjónvarpsstöðvar sem voru í boði og nota upprunalega ritvél frá þessum tíma.

### Friðar- og minningargarðurinn í Hiroshima og Atómsprengjusafnið í Nagasagi

Bæði söfnin eru á meðal þeirra áhrifamestu í heiminum. Tilgangur þeirra er að minnast tveggja stærstu 20. aldar harmleikja Japans, það er sprengjuárásanna á Hiroshima og Nagasagi.

Sýningarnar gera gestum kleift að ferðast aftur í tíma áður en nokkurn grunaði það sem koma skyldi. Stræti iðuðu af lífi og börn léku sér í gróskumiklum bakgörðum. Hörmungarnar áttu sér svo stað þann 6. ágúst 1945 klukkan 8.15 að morgni þegar fjögurra tonna atómsprengju var varpað á miðbæ Hiroshima. Sprengjan varð yfir 14.000 manns að bana og jafnframt lést fjöldi eftirlifenda af völdum geislunar frá sprengjunni. Þremur dögum síðar féll sprengja í Nagasagi.

Söfnin bjóða upp á myndræna framsetningu sem gefur gestum tækifæri til að fylgjast með hversdagslífi fólksins í Hiroshima og Nagasagi, en svo upplifa með þeim hinn hræðilega harmleik sem skók veröldina alla. Sýningin býður gestum að skoða og oft snerta hversdagslega hluti sem fólkið notaði, nestisbox með hálfbrenndu innihaldi, skólabúning, reiðhjól í barnastærð, málmhlera sem sveigðust vegna hitans. Einnig má sjá afar áhrifamikla skuggamynd manns sem prentaðist í steininn þegar sprengjan sprakk.

Skógasafn er stærsta og fjölsóttasta safnið á landsbyggðinni

SKÓGASAFN
Skógar Museum




Þar er að finna byggðasafn, húsasafn og samgöngu- og tækniminjasafn með fjölbreyttar sýningar á um 2.500 m2.

Minjagripaverslun og veitingastaðurinn Skógakaffi eru í Samgöngusafninu.

Góður afsláttur fyrir hvers kyns hópa, sendið okkur fyrirspurnir á booking@skogasafn.is og fáið tilboð.

Opið:
Vetur: 10:00-17:00
Sumar: 10:00-18:00



Nánari upplýsingar má finna á:
www.skogasafn.is/is
www.facebook.com/SkogarMuseum
www.instagram.com/SkogarMuseum
netfang: booking@skogasafn.is


Hægt er að fræðast um Borgarlínuna í Bókasafni Kópavogs.

# Borgarlína á bókasafni

Sýningin Næsta stopp: Hamraborg stendur nú yfir á 1. hæð aðalsafns Bókasafns Kópavogs.

Samgöngunetið er kerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem bindur saman alla samgöngumáta og gefur íbúum fjölbreyttari valkosti. Borgarlínan er mikilvægur hlekkur í samgönguneti framtíðarinnar.

Uppbygging á Borgarlínu er að hefjast og innleiðing leiðakerfis nýs samgöngunets er á næsta leiti. Hvaða áhrif hefur Borgarlínan á samgöngunetið og hvernig spila Strætó og Borgarlína saman?

Á skemmtilegri gagnvirkri sýningu í Bókasafni Kópavogs og Náttúrufræðistofu Kópavogs er þessum spurningum svarað á aðgengilegan hátt. Auk þess verða niðurstöður hugmyndasamkeppni um útlit götugagna á Borgarlínustöðvum sýndar í fyrsta skipti.

Borgarlínan er nýtt samgöngukerfi sem verður hryggjarstykkið í þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040 og lykilverkefni í samgöngum á svæðinu. Borgarlínan verður hagkvæm og vistvæn leið til að auka flutningsgetu á milli sveitarfélaganna. Hún mun gera þeim kleift að mæta fjölgun íbúa og ferðamanna án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli. Miðað er við að almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu myndi heildstætt tveggja laga kerfi. Annars vegar Borgarlínuna, sem tengir saman kjarna sveitarfélaganna með afkastamiklum liðvögnum, og hins vegar strætisvagnakerfi sem verður lagað að Borgarlínukerfinu og myndar net um þéttbýlið.

Borgarlínan mun ferðast í sérrými í gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins með forgang á umferðarljósum sem eykur áreiðanleika og ferðahraða, þannig að ferðatími verði samkeppnishæfari við aðra ferðamáta. Tíðni ferða verður mikil og getur farið í 5–7 mínútur á annatímum en þar sem þörf er á meiri afkastagetu getur hún farið í um 2 mínútur. Lögð verður áhersla á vandaðar yfirbyggðar biðstöðvar, með farmiðasjálfsölum og samtíma upplýsingaskiltum sem sýna í rauntíma hvenær næsti vagn kemur. Vagnarnir munu stöðva þétt við brautarpalla sem verða í sömu hæð og gólf vagnanna sem auðveldar aðgengi fyrir alla.

Á morgun frá 14.00 til 16.00 verður starfsfólk frá Borgarlínu á staðnum og svarar spurningum áhugasamra. Viðburðurinn er óformlegur og allir velkomnir.

Sýningin er hluti af Hönnunar-Mars og stendur til 3. ágúst.

# Fasteignablaðið

29. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 21. JÚLÍ 2020

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteigna-sölu og lögfræðingur.

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

Þarftu að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS




Nýjar íbúðir eru til sölu við Arnarsmára í Kópavogi.

# Nýjar íbúðir við Arnarsmára

Kjöreign kynnir: fjölbýlishúsið Arnarsmári 36–40, Kópavogi. Þrjú stigahús með samtals 40 íbúðum og lyfta í hverju stigahúsi.

Í húsinu eru þriggja, fjögurra og fimm herbergja íbúðir eftir af ýmsum stærðum. Íbúðum á jarðhæð og 1. hæð fylgir stór sér-afnotaréttur þar sem verður verönd. Gott útsýni er frá flestum íbúðum. Allur frágangur er vandaður og verður húsið einangrað að utan og klætt með álklæðningu. Veggir milli íbúða eru með aukinni þykkt til að ná fram meiri hljóðeinangrun.

Innréttingar eru frá HTH og eldhústæki frá AEG. Ísskápur og uppþvottavél fylgja. Íbúðirnar afhendast án gólfefna nema á votrýmum sem verða flísalögð. Sérgeymsla í kjallara.

Sameign er rúmgóð og björt. Afhending fyrstu íbúðanna er áætluð haust 2020.

Flestum íbúðunum fylgir stæði í bílageymslu. Byggingaraðili er Nónhæð ehf. (K. S. Verktakar).

Allar upplýsingar um sölugögn og verð, stærðir og frágang íbúðanna eru hjá sölumönnum Kjöreignar og á upplýsingavef Nónhæðar: www.nonhaed.is.




# EIGNAMIÐLUN

## SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957


**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9093


**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 864 5464


**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali


**Guðmundur Sigurjónsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali


**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
Sími 899 1882


**Magnea S. Sverrisdóttir**
MBA, löggiltur fasteignasali
Sími 861 8511


**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
Sími 824 9098


**Brynjar Þ. Sumarliðason**
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali
Sími 896 1168


**Daði Hafþórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9096


**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Nemi til löggildingar fasteignasala
Sími 661 6021

## HVERFISGATA 85 — OPIÐ HÚS — FRÁBÆR STAÐSETNING 101 RVK









- Frábærlega staðsettar íbúðir í miðborg Reykjavíkur.
- Öllum íbúðum fylgja stæði í bílakjallara.
- Um er að ræða vel hannaðar 2-3ja herbergja íbúðir.
- Skjólgóður inngarður.
- Gönguleiðir eru hannað af landslagsarkitekt hússins.
- Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar

**Verð frá 38.400.000**

**OPIÐ HÚS**
**þriðjudaginn**
**21. júlí**
**kl 17:00 - 17:30**


**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
hreidar@eignamidlun.is
**Sími: 661 6021**


**Brynjar Þór Sumarliðason**
Lögg. fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
**Sími: 896 1168**

## BRÍETARTÚN 9 - *ÍBÚÐ 803*, 136,1 m²

**105 REYKJAVÍK, 89,9 mkr.**

**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
S. 661 6021/hreidar@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** miðvikudaginn 22. júlí kl. 17:45 - 18:15

Ný og glæsileg 136.1 fm 4 herbergja íbúð á 8 hæð með þakverönd í glæsilegu nýju lyftuhúsi á Höfðatorginu. 2 baðherbergi, sér baðherbergi innaf hjónaherbergi ásamt "walk in" fataskáp. Stórbrotið útsýni yfir borgina. Gólfhiti er í íbúðinni.

## SKIPASUND 72, 194,3 m²

**104 REYKJAVÍK, 84,9 mkr.**

**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Lögg. fasteignasali
S. 824 9098/hilmar@eignamidlun.is





**BÓKIÐ SKOÐUN**

Glæsileg, rúmgóð og björt 194,3fm eign á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi við Skipasund í Reykjavík. Þar af er bílskúr 39,8fm. Húsið er steinhús byggt árið 1951. Byggt var ofan á húsið, ný hæð ásamt bílskúr í kringum 1987

## VÍÐIMELUR 37, 106,1 m²

**107 REYKJAVÍK, 59,0 mkr.**

**BÓKIÐ SKOÐUN**

**Magnea S. Sverrisdóttir**
Lögg. fasteignasali
S. 861 8511/magnea@eignamidlun.is







Mjög falleg 106,1 fm neðri hæð með sér inngangi við Víðimel í vesturbænum. Íbúðin skiptist í tvær samliggjandi stofur, þrjú herbergi (þar af eitt í kjallara), eldhús, baðherbergi, hol og forstofu. Tvær samliggjandi geymslur með glugga í kjallara og einnig lítil köld geymsla. Sam. þvottahús með sturtu og snyrting í kjallara. Gróinn garður til suðvesturs. Frábær staðsetning.

## HJARÐARHAGI 56, 82,6 m²

**107 REYKJAVÍK, 44,9 mkr.**

**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir**
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** fimmtudaginn 23. júlí kl. 17:30-18:00

Íbúð með sterkan karakter! 3ja herbergja íbúð á 5. og efstu hæð í vinsælu fjölbýli á Högunum í Vesturbænum. Stór og góð herbergi. Mikið útsýni. Stutt í leik- og grunnskóla, Vesturbæjarlaug, Melabúðina og Kaffi Vest auk þess sem örstutt göngufæri er niður að skemmtilegum göngu- og hjólastíg niður við Ægisíðu.

## HLÍÐARBYGGÐ 15, 201,9 m²

**210 GARÐABÆR, 74,9 mkr.**

**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir**
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is





**BÓKIÐ SKOÐUN**

Raðhús á frábærum stað í Garðabæ, stutt frá grunnskóla, leikskóla og fjölbrautaskóla. Húsið er á tveimur hæðum. Á aðalhæð eru þrjú svefnherbergi, stór stofa og eldhús í opnu rými, baðherbergi, þvottahús og sjónvarpshol. Neðri hæð skiptist í stórt hjónaherbergi með sérbaðherbergi og bílskúr.

## DÚFNAHÓLAR 2, 148,9 m²

**111 REYKJAVÍK, 54,9 mkr.**

**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir**
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** þriðjudaginn 21. júlí k.l 17:30-18:00

Glæsilegt útsýni yfir Reykjavíkurborg og Faxaflóa, frá Reykjanesi til Snæfellsjökuls, sundinn blá og Esjuna. Fjölskylduvænt umhverfi. Afar falleg 5-6 herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi ásamt endabílskúr í sérstæðri bílskúrslengju. Fjögur svefnherbergi, tvær stofur. Snyrtileg sameign.

## BÁSBRYGGJA 7, 75,5 m²

**110 REYKJAVÍK, 40 mkr.**

**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir**
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is





**BÓKIÐ SKOÐUN**

Afar hlýleg og sjarmerandi 2ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í lyftuhúsi í jaðri hins skemmtilega skipulagða Bryggjuhverfis. Möguleiki á að gera pall út frá stofu. Stutt í fallegar gönguleiðir.

www.eignamidlun.is




## GRENSÁSVEGUR 11 — SÍMI 588 9090


**Ármann Þór Gunnarsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 847 7000


**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir**
Löggiltur fasteignasali
Sími 862 1110


**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
Sími 694 6166


**Bjarni T. Jónsson**
Viðskiptafræðinugr og löggiltur fasteignasali
Sími 895 9120


**Ólafur H. Guðgeirsson**
Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
Sími 694 6166


**Unnar Kjartansson**
Sölufulltrúi
Sími. 867 0968


**Jenný Sandra Gunnarsdóttir**
Skrifstofustjóri


**Guðbjörg Matthíasdóttir**
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
Sími 588 9090


**Ásdís H. Júlíusdóttir**
Ritari


**María Waltersdóttir**
Móttökuritari

---

### STÓRAGERÐI 42, 175,5 m²
**104 REYKJAVÍK, 107,9 mkr.**

BÓKIÐ SKOÐUN

**Brynjar Þór Sumarliðason**
Lögg. fasteignasali
S. 896 1168/brynjar@eignamidlun.is







Glæsileg rúmgóð og vel skipulögð 175,5 fm fimm herbergja íbúð yfirbyggðum svölum að Stóragerði 42. Íbúðin skiptist í anddyri, hjónaherbergi með sér baðherbergi, þrjú herbergi til viðbótar. Rúmgott alrými sem rúmar eldhús, borðstofu og stofu. Útgengt út á stórar svalir með svalalokun frá stofu. Stæði í bílageymslu fylgir auk sérgeymslu. Sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu fylgir með. Frábær staðsetning þar sem öll helsta þjónusta er i næsta nágrenni.

### HLÍÐARÁS 6, 282,4 m²
**220 HAFNARFJÖRÐUR, 114,9 mkr.**

BÓKIÐ SKOÐUN

**Kjartan Hallgeirsson**
Lögg. fasteignasali
S.824 9093/kjartan@eignamidlun.is







Fallegt og vel skipulagt 282,4 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr á frábærum útsýnisstað í Áslandshverfinu í Hafnarfirði. Fjögur svefnherbergi, Rúmgóðar stofur, tvennar flísalagðar svalir með glæsilegu útsýni, rúmgott og glæsilegt eldhús með vönduðum hvítum (háglans) innréttingum með borðum úr steini og vönduðum tækjum. Húsið er til afhendingar við kaupsamning.

### MIÐEITI 7, 81,9 m²
**103 REYKJAVÍK, 45,9 mkr.**

**Sverrir Kristinsson**
Lögg. fasteignasali
S. 861 8514/sverrir@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** miðvikudaginn 22. júlí kl.13:00-13:30

Góð 2ja herbergja 81,9 fm íbúð á 3. hæð í eftirsóttu lyftuhúsi við Miðleiti 7 í Reykjavík (Gimli). Stofa með útgengi á suðursvalir. Svefnherbergi með skápum. Baðherbergi með sturtuklefa og baðkari. Eldhús með U-laga beyki innréttingu. Þvottahús innan íbúðar. Sérbílastæði í bílageymslu. Húsvörður í húsi.

### KAPLASKJÓLSVEGUR 93, 146,8 m²
**107 REYKJAVÍK, 70,9 mkr.**

**Sverrir Kristinsson**
Lögg. fasteignasali
S. 861 8514/sverrir@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** miðvikudaginn 22. júlí kl.17:00-17:30

Glæsileg 4-5 herb íbúð í góðu lyftuhúsi í vesturbænum. Stórt eldhús/borðstofa með vandaðri HTH innréttingu. Sjónvarpshól og rúmgóð stofa með útgengi á svalir. Svefnherbergi eru þrjú þar af hjónaherbergi með útengi á svalir. Baðherbergi með sturtuklefa og baðkari. Hús og sameign hefur verið endurnýjað.

### BÓLSTAÐAHLÍÐ 41- *ÍBÚÐ 0504*
**105 REYKJAVÍK, 85,4 m² - 40,2 mkr.**



BÓKIÐ SKOÐUN

Sérlega björt og notaleg þriggja herbergja íbúð á 5.hæð með suður svölum og góðu útsýni. Stofa, eldhús, tvö herbergi, bað og geymsla innan íbúðar auk svala. Húsið er tengt Bólstaðarhlíð 43 sem er þjónustusel á vegum Reykjavíkurborgar. Kvaðir Samtaka aldraðra gilda um íbúðina.

### SLÉTTUVEGUR 11- *íbúð 0203*
**103 REYKJAVÍK, 69,6 m² - 33.2 mkr.**

**Ólafur H. Guðgeirsson**
Lögg. fasteignasali
S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is



FYRIR 67 ÁRA OG ELDRI



BÓKIÐ SKOÐUN

Mjög snotur tveggja herbergja 69,6 fermetra íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi, merkt 203. Björt stofa með útsýni, stórt svefnherbergi með góðum skápum, eldhúskrókur með rúmgóðri innréttingu, flísalagt baðherbergi með sturtuklefa. Vönduð sameiginleg aðstaða er í húsinu. Húsvörður.

### GRUNDARSTÍGUR 8, 91.6 m²
**101 REYKJAVÍK, 51 mkr.**

**Sverrir Kristinsson**
Lögg. fasteignasali
S. 861 8514/sverrir@eignamidlun.is





BÓKIÐ SKOÐUN

Björt 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í þríbýlishúsi í Þingholtunum. . Íbúðin er með mikilli lofthæð og fallegum gifslistum og rósettum í loftum. Endurnýjað hús. Rúmgott eldhús nýtist einnig sem borðstofa. Stofa með gluggum til suðurs og vesturs. Tvö svefnherbergi með skápum. Nýlega endurbætt baðherbergi. Þvottaaðstæða innan íbúðar.

### HVASSALEIT 56, 77,3 m²
**108 REYKJAVÍK, 46,9 mkr.**

**Brynjar Þór Sumarliðason**
Lögg. fasteignasali
S. 896 1168/brynjar@eignamidlun.is





BÓKIÐ SKOÐUN

Rúmgóð og vel skipulögð 2ja herbergja 77,3 fm íbúð á fjórðu hæð með svölum til suðvesturs. Í húsinu er boðið er uppá ýmsa þjónustu og hægt er kaupa heitan mat í hádeginu. Vel staðsett íbúð í göngufæri við alla helstu þjónustu.

### HÆÐARGARÐUR G-1B, 28,1 m²
**880 KIRKJUB.KLAUSTUR, 10,9 mkr.**

**Brynjar Þór Sumarliðason**
Lögg. fasteignasali
S. 896 1168/brynjar@eignamidlun.is





BÓKIÐ SKOÐUN

Notalegur tveggja herbergja 28 fm sumarbústaður á einni hæð við Hæðargarð steinsnar frá Kirkjubæjarklaustri. Innbú getur fylgt með.

### KEILUGRANDI 6, 145,9 m²
**107 REYKJAVÍK, 59,4 mkr.**

**Kjartan Hallgeirsson**
Lögg. fasteignasali
S.824 9093/kjartan@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** þriðjudaginn 21. júlí kl. 17:15-17:45

Vel skipulögð og endurnýjuð 4ra herbergja íbúð á eftirsóttum stað við Keilugranda 6 í Vesturbæ Reykjavíkur með stæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin er á tveimur hæðum, 3. og 4. hæð (ris) í lyftulausu húsi. Búið er endurnýja eldhús og bæði baðherbergi. Eftirsótt staðsetning í rólegu og barnvænu hverfi í Vesturbæ Reykjavíkur.

# Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala.
# Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Naustavör – Bryggjuhverfið í vesturbæ Kópavogs.

**Nýjar og glæsilegar 2ja - 4ra herbergja íbúðir til sölu. Leitið upplýsinga á skrifstofu.**

### *Hamragerði – Akureyri. Einbýlishús á frábærum útsýnisstað.*



- Virkilega fallegt 5-6 herb. 206,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið stendur á 864 fm. lóð og nýtur mikils útsýnis frá efri hæð hússins.
- Húsið er bjart með stórum gluggum og stórum svölum til suðvesturs.
- Húsið var mikið endurnýjað árið 2005 m.a. baðherbergi, eldhús og gólfefni. Sérinngangur er á neðri hæð hússins og því möguleiki að stúka af séríbúð í þeim hluta hússins. Svefnherbergi á efri hæð eru 3 og 1-2 á neðri hæð.
- Lóðin er afar falleg, frágengin og vel hirt. Tyrfð baklóð með gróðri og tréstiga upp á efri hluta lóðar til suðurs. Af svölum er hægt að ganga út á lóð til suðurs og að afgirtri viðarverönd. Steypt bílaplan fyrir framan bílskúr og gott rými norðan megin við húsið.

**Verð 72,9 millj.**

### *Hraunás - Garðabæ. Einbýlishús á útsýnisstað.*



- Vandað og vel skipulagt 258,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið stendur ofan við og innst í götunni á 932,0 fm. lóð.
- Mikils útsýnis nýtur frá stofum, af svölum og af verönd af efri hæð. Aukin lofthæð er á báðum hæðum. Gólfhitalagnir í stórum hluta hússins. Harðviðargluggar og útihurðir eru í húsinu. Massívt og niðurlímt plankaparket úr eik.
- Samliggjandi bjartar stofur með aukinni lofthæð og útgengi á skjólsælar svalir til vesturs. Eldhús með ljósum viðarinnréttingum. Fimm svefnherbergi. Tvö baðherbergi auk gestasnyrtingar.
- Lóðin er með tyrfðri flöt og tveimur harðviðarveröndum.

**Eignin er laus til afhendingar strax.**

**Verð 118,9 millj.**

### *Laugavegur 20B - Húsnæði undir veitingastað til leigu*



- Til leigu 197 fermetra húsnæði undir veitingastað í þessu reisulega húsi í miðborginni, Laugavegi 20b, Náttúrulækningafélagshúsinu.
- Um er ræða húsnæði þar sem starfræktur hefur verið veitingarekstur með vínveitingaleyfi samfleytt í 40 ár.
- Húsnæðið skiptist í veitingasal með mikilli lofthæð og útsýni út á Laugaveginn. Í veitingasalnum eru sæti fyrir u.þ.b. 80 manns. Innaf veitingasal eru eldhús með tækjum og tólum, kælir, starfsmannastaða, salerni o.fl.

**Leigutími er umsemjanlegur til langs tíma.**
**Allar frekar upplýsingar eru veittar á skrifstofu.**

### *Borgartún 6 – Veislusalur.*



- 369,1 fm. fullinnréttaður veislusalur og veisleldhús við Borgartún (Rúgbrauðsgerðin). Leyfi er fyrir 200 gesti.
- Húsnæðið er staðsett á jarðhæð, aðeins 4 þrep niður frá götuhæð, með stórum gluggum til norðurs út að Borgartúni. Salurinn er parketlagður með stórum gluggum til norðurs og góðri lofthæð.
- Góð aðkoma er að salnum um stóra flísalagða sameign. Auk þess er aðkoma fyrir hjólastóla og er hjólastólalyfta staðsett við inngang. Tvöföld glerhurð er inn í salinn.
- Húsnæðið er laust til afhendingar við kaupsamning.

### *Brávallagata 12. 4ra herbergja íbúð auk stúdíóíbúðar í risi.*



- Björt og falleg 140,4 fm. eign við Brávallagötu 12 í Reykjavík, sem samanstendur af mikið uppgerðri 4ra herbergja íbúð á 3. hæð með svölum til suðurs og stúdíóíbúð í risi auk herbergis í kjallara, sér geymslu á baklóð og sér geymslu í kjallara þar sem allar lagnir eru til staðar fyrir salerni.
- Íbúð á 3. hæð sem er skráð 102,0 fermetrar að stærð að meðtöldu herbergi í kjallara er öll nýlega endurnýjuð á vandaðan og smekklegan máta og er í góðu ástandi.
- Íbúð í risi er skráð 29,0 fermetrar, en er að miklum hluta undir súð og gólfflötur því stærri og skiptist í gang, eldhús, baðherbergi og alrými.

**Verð 74,9 millj.**

### *Lundur 1 - Kópavogi. 4ra herbergja útsýnisíbúð.*



- Vönduð og vel skipulögð 155,3 fm. 4ra herbergja íbúð á 6. hæð að meðtalinni sér geymslu við Lund í Kópavogi. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu og er mögulegt að setja upp hleðslustöð fyrir rafbíl við stæði.
- Yfirbyggðar en opnanlegar 10,5 fm. svalir til vesturs út af stofum með glæsilegu útsýni.

Opið eldhús með eikarinnréttingum, eyju og útbyggðum glugga til norðurs. Samliggjandi rúmgóðar stofur með gólfsíðum gluggum til suðurs og vesturs. Sjónvarpshol og þrjú herbergi auk fataherbergis.

- Góð staðsetning þaðan sem stutt er í gönguleiðir, skóla og aðra þjónustu.

**Verð 94,9 millj.**

### *Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*




- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum. Stærðir frá 58-254 fm.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum, óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Byggingaraðili er ÍAV hf. sem er eitt stærsta, elsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins.

**Nánari upplýsingar á www.105midborg.is**

### *Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*




- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 5 herbergja lúxusíbúðum.
- Örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Afhending íbúða er í júlí 2020.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Byggingaraðili er ÍAV hf. sem er eitt stærsta, elsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins.

**Nánari upplýsingar á www.105midborg.is**

### *Mýrargata 26. 2ja herbergja íbúð á 4. hæð.*



- 86,8 fermetra íbúð á 4. hæð. Sér stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.
- Stofa er með gólfsíðum gluggum og útgengi á svalir til suðurs. Svalaveggir og gólf eru klædd harðviði og lýsing er í lofti yfir svölum. Svalahandrið er úr öryggisgleri.
- Eignin er með leyfi fyrir skammtímagistingu og hefur verið í útleigu sem slík. Frábær staðsetning í lyftuhúsi á þessum eftirsótta stað við hafnarsvæðið í Reykjavík.

**Verð 49,9 millj.**

### *Boðahlein 1 – Garðabæ. Endaraðhús við DAS – 60 ára og eldri.*



Vel skipulagt 84,9 fm. endaraðhús á einni hæð við Boðahlein í Garðabæ, sem er á byggðasvæði DAS í Garðabæ/Hafnarfirði og er eingöngu ætlað fyrir 60 ára og eldri. Hægt er að nýta sér þjónustu hjá DAS. Verulega aukin lofthæð er í stofum og holi. Hið innra er húsið nokkuð endurnýjað, m.a. eldhús og hluti af baðherbergi.Afgirt hellulögð verönd fyrir framan hús með útgengi frá sólstofu. Einnig er hellulögð verönd á baklóð til norðurs þaðan sem sést til Esju og sjávar. Geymsluskúr á lóð.

**Staðsetning er á eftirsóttum stað við þjónustukjarna DAS.**

**Verð 49,9 millj.**

# MIKLABORG



**Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar



| | | |
|---|---|---|
| **Jón Rafn Valdimars** | lögg. fasteignasali | Sími: 695 5520 |
| **Gunnar S. Jónsson** | lögg. fasteignasali | Sími: 899 5856 |
| **Ólafur Finnbogason** | lögg. fasteignasali | Sími: 822 2307 |
| **Atli S. Sigvarðsson** | lögg. fasteignasali | Sími: 899 1178 |
| **Elín Alfreðsdóttir** | lögg. fasteignasali | Sími: 899 3090 |
| **Gunnar H. Einarsson** | lögg. fasteignasali | Sími: 615 6181 |
| **Svan G. Guðlaugsson** | lögg. fasteignasali | Sími: 697 9300 |
| **Þórunn Pálsdóttir** | lögg. fasteignasali | Sími: 773 6000 |
| **Ásgrímur Ásmundsson** | hdl. og lögg. fasteignas | Sími: 865 4120 |
| **Þröstur Þórhallsson** | lögg. fasteignasali | Sími: 897 0634 |
| **Jórunn Skúladóttir** | lögg. fasteignasali | Sími: 845 8958 |

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2019



| | | |
|---|---|---|
| **Þóroddur S. Skaptas** | lögg. fasteignasali | Sími: 868 4508 |
| **Jason Kr. Ólafsson** | lögg. fasteignasali | Sími: 775 1515 |
| **Axel Axelsson** | lögg. fasteignasali | Sími: 778 7272 |
| **Óskar H. Bjarnasen** | lögg. fasteignasali | Sími: 691 1931 |
| **Kjartan Í. Guðmunds** | aðst. fasteignasala | Sími: 663 4392 |
| **Þórhallur Biering** | lögg. fasteignasali | Sími: 896 8232 |
| **Friðrik Þ. Stefánsson** | hdl. og aðst. fasteignas | Sími: 616 1313 |
| **Friðjón Ö. Magnúss.** | lögg. fasteignasali | Sími: 692 2704 |
| **Anton Karlsson** | lögg. fasteignasali | Sími: 771 8601 |
| **Páll Þórólfsson** | lögg. fasteignasali | Sími: 893 9929 |
| **Ragnheiður Pétursd.** | hdl. og löggiltur fasteignasali | |

## Hverafold 31
### 112 Grafarvogi

**Stórglæsilegt 272 fm einbýli neðst við voginn með útsýni og fallegum garði**

- 4 stofur, 4 svefnherbergi og 3 baðherbergi
- Stór garður og pallur með heitum potti
- Húsið er 2 hæðum með einstaklega fallegum gluggum sem setja mikinn svip á húsið
- Húsið mikið endurnýjað að innan fyrir um 10 árum
- Rúmgóður bílskúr

Verð: **125 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is **Sími: 845 8958**













## Öldugata 14
### 101 Reykjavík

**Fallegt og virðulegt 482 fm hús á horni Öldugötu og Ægisgötu**

- Tvær íbúðir eru í húsinu
- Vel byggt steinteypt hús sem stendur á 500 fm eignarlóð
- Frábær staðsetning í hjarta miðbæjarins

Verð: **210 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
**Þórhallur Biering,** lögg. fasteignasali
thorhallur@miklaborg.is **Sími: 896 8232**













Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

**sími**
**569 7000**
**www.miklaborg.is**

**Með þér alla leið**




# Vandaðar nýjar íbúðir fyrir 50 ára og eldri

## 65 íbúða fjölbýlishús á 4-5 hæðum við Bjarkarholt 8-20 í Mosfellsbæ

- Frá 2ja herbergja upp í glæsilegar þakíbúðir
- Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna
- Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu
- Sameiginleg lokuð bílgeymsla. Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna í öðrum rýmum en votrýmum (baðherbergjum og þvottahúsi).
- Öllum íbúðum fylgir sér afnotageymsla í kjallara auk afnotaréttar af rúmgóðri hjóla- og vagnageymsla með beinu aðgengi úr húsi.
- Flestum íbúðum fylgir að lágmarki eitt bílastæði í bílageymslunni. Að auki eru bílastæði á yfirborði.
- Kynntu þér skipulag og stærðir á miklaborg.is
- Traustur verktaki með alþjóðlega vottun

**Pantið söluskoðun eða kynningu hjá sölumönnum okkar.**



**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



**Óskar H. Bjarnasen**
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is



**Friðrik Þ. Stefánsson**
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is



**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is




## Vatnsholtsvegur 7

801 Syðri Reykir

**Syðri Reykir glæsilegt sumarhús** — Verð: **46,9 millj.**

- Steyptir sökklar og burðarveggir
- Hitaveita og heitur pottur. Rúmlega 110 fm pallur. Glæsilegt útsýni
- Mikil lofthæð í stofum 3,4 m, vandaðar innréttingar og arinn
- Baðherbergi flísalagt og með sturtu
- Útivist: Gólfvellir, Gönguleiðir, o.fl.

Nánari upplýsingar:
**s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali




## Safamýri 77

105 Reykjavík

**Falleg 172,6 fm efri sérhæð með bílskúr** — Verð: **82 millj.**

- 3 svefnherbergi á sér gangi ásamt baðherbergi
- Fallegt endurbætt eldhús með eldhúskrók, fallegar stofur með útgengt út á suður útsýnissvalir
- Sameiginlegt þvottahús í kjallara ásamt geymslu
- Fjórða svefnherbergið og snyrting í holi fyrir framan íbúð

Nánari upplýsingar:
**s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali




## Urriðakvísl 12

110 Reykjavík

**Glæsilegt einbýlishús í Ártúnsholti** — Verð: **104,5 millj.**

- Glæsilegt 2 hæða hús m bílskúr
- Innkeyrsla með snjóbræðslu og stæði fyrir 7 bíla
- 4 svefnherbergi og stofa með útgengt út í garð
- Stór vel hirtur garður með gróðurhúsi
- Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar:
**s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali




## Laugarnesvegur 39

105 Reykjavík

**Falleg 71,2 fm 3ja herb. endaíbúð á 2 hæð (efstu) stærð** — Verð: **40,9 millj.**

- Fermetrar nýtast vel, gott skipulag
- Fallegar bjartar stofur með útgengt á svalir
- Tvö svefnherbergi
- Vinsæl staðsetning

Nánari upplýsingar:
**s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali




## Laxalind 19

201 Kópavogur

**Glæsilegt og vandað 195 fm parhús innst í botlanga** — Verð: **95,6 millj.**

- Heitur pottur í garði, arinn í stofu, mikið útsýni og mjög rúmgóð aðkoma
- Vandaðar innréttingar og ástand húss mjög gott
- Skemmtilega skipulagt hús á vinsælu svæði

Nánari upplýsingar:
**s. 697 9300 Svan G. Guðlaugsson** löggiltur fasteignasali




## Stórhöfði 17

110 Reykjavík

**Til leigu 255 fm verslunar- þjónustu eða veitingahúsnæði á jarðhæð á vinsælum stað** — Verð: **Tilboð**

- Við hliðina er rekið hið vinsæla kaffihús Kaffitár Kruðerí
- Húsnæðið er með stórum sýngargluggum og laust strax
- Góð aðkoma og bílastæði við húsið

Nánari upplýsingar:
**s. 697 9300 Svan G. Guðlaugsson** löggiltur fasteignasali




## Karlagata 20

105 Reykjavík

**Sjarmerandi 46,9 fm, 2ja herbergja íbúð** — Verð: **34,9 millj.**

- Eldhús með opnum hillum
- Nýjir gluggar í allri íbúðinni
- Eldhús og stofa rúmgóð rými
- Fræbær staðsetning

Nánari upplýsingar:
**s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali




## Bólstaðarhlíð 68

105 Reykjavík

**Útsýnisíbúð með tvennum svölum** — Verð: **54,9 millj.**

- Fjögur rúmgóð svefnherbergi
- Alls 138 fm að stærð m bílskúr
- Eldhús endurnýjað og wc að hluta
- Töluverð endurnýjun á húsi að utan
- Björt íbúð með stórum gluggum. Einstakt útsýni

Nánari upplýsingar:
**s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

## Smiðshöfði 6

110 Reykjavík

**Til sölu 873,9 fm mjög vel staðsett iðnaðar- og lagerhúsnæði**

- Sex innkeyrsluhurðir, herbergi/skrifstofur á efstu hæð með leigusamningi
- Hentar í margvíslegan rekstur
- Töluverðar endurbætur hafa verið gerðar á húsinu
- Sá hluti sem er ekki í leigu er laus strax
- Malbikað bílaplan og góð útiaðstaða

Verð: **210 millj.**






**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Svan í síma **697 9300**



**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is










## Vallakór 6a

203 Kópavogur

**Virkilega falleg og björt íbúð á 6.hæð með gluggum í þrjár áttir.** — Verð: **47,4 millj.**

- Vel skipulagða 84,5fm 3ja herbergja endaíbúð
- Sérinngangi, stórum svölum til suðurs
- Sér bílastæði í upphitaði bílageymslu

Nánari upplýsingar:
**s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

# MIKLABORG – Með þér alla leið

# HÍBÝLI
FASTEIGNASALA

Kringlan 4-6, 103 Reykjavík - hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800


Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali. S. 864-8800


Þórður S. Ólafsson, löggiltur fasteignasali.


Ólafur Már Ólafsson, löggiltur fasteignasali. S. 865-8515


Björg Ágústsdóttir, skrifstofa





## Strandgata 32 - 220 Hafnarfjörður
**191,5 fm - verð 73,9 millj**
**Opið hús þriðjudag 21. júlí 17:15 - 17:45**

Afar glæsileg 191,5 fm hæð með verulega aukinni lofthæð við Strandgötu í miðbæ Hafnarfjarðar. Loftlistar og aukin lofthæð (allt að 3,8 m) gefa eigninni mikla sérstöðu. Eignin skiptist í forstofu, mjög stóra setustofu/borðstofu með gólfsíðum gluggum og útgengi á svalir, eldhús sem er opið við stofuna, þrjú góð svefnherbergi, rúmgott baðherbergi með sturtu og baðkari, geymslu/þvottahús innan íbúðar. Einkar falleg íbúð með mikinn karakter - frábær staðsetning í miðbæ Hafnarfjarðar - stutt í alla helstu verslun og þjónustu - Listasafn, heilsugæsla, verslanir og veitingahús í allra næsta nágrenni.





## Hlíðarvegur 1 - The Herring house
**580 Siglufjörður - heimagisting í rekstri**

Fallegt tvílyft einbýlishús á stórri, mjög gróinni og friðsælli tæplega 2.000 fm lóð við Hlíðarveg á Siglufirði. Húsið stendur beint ofan við kirkjuna með víðáttumiklu útsýni yfir bæinn, höfnina og út á fjörðinn. Í húsinu er í dag rekin heimagisting (The Herring house). Að auki eru tvö vegleg gestahús á lóðinni. heitur pottur, útisturta og hús til að hafa fataskipti. Húsið sjálft er 182,4 fm. Þar að auki eru nokkur útihús á lóðinni samtals um 62 fm. Afar vegleg og vel staðsett eign í hjarta Siglufjarðar, sem býður uppá mikla möguleika og mætti kalla sveit í bæ.
Nánari upplýsingar um eignina og búnað sem getur fylgt henni eru veittar hjá fasteignasölum Híbýla.





## Laugavegur 103 - 105 Rvk.
**64,8 fm - verð 43,9 millj**

Glæsileg 2ja herbergja íbúð með yfirbyggðum svölum í veglegu lyftuhúsi við Laugaveg Íbúðin skiptist í forstofu/hol, eldhús, setustofu með útgengi á yfirbyggðar svalir, svefnherbergi með fataskápum og baðherbergi með tengi fyrir þvottavél. Sérgeymsla og sameiginleg hjólageymsla í kjallara. Falleg og vel staðsett íbúð í miðborginni - stutt í alla helstu verslun og þjónustu





## Neðstaleiti 22, 103 Rvk.
**234,3 fm - raðhús - Tvær íbúðir verð 98,9 millj**

Fallegt og mikið endurnýjað 234,3 fm tvílyft raðhús með innbyggðum bílskúr. Skv. skráningu Þjóðskrár er íbúð á neðri hæð 99,2 fm, efri hæð er 109,9 og bílskúr er 26,2 fm. Í dag er húsið nýtt sem tvær aðskildar íbúðir - en væri auðvelt að nýta það fyrir eina fjölskyldu. Falleg og vel staðsett eign miðsvæðis í borginni.





## Safamýri 38, 108 Reykjavík
**163,2 fm - 4ra herb íbúð - bílskúr og stór geymsla - verð 57,8 millj**

Falleg og vel skipulögð 4ra herb. íbúð á 2. hæð með tvennum svölum ásamt bílskúr og mjög stórri geymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, baðherbergi stofu og þrjú svefnherbergi. Verið er að múrviðgera og mála húsið að utanverðu og eru þær framkvæmdir greiddar af seljanda. Eignin er samtals skráð 163,2 fm skv. Þjóðskrá. Íbúðin sjálf er 104,1 fm og geymsla í kjallara 59,1 fm. Íbúðinni fylgir einnig sér bílskúr (21 fm) sem er ekki skráður í birta fermetratölu.



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

# FOLD FASTEIGNASALA

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044

**Einar Marteinsson**
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

## Einarsnes 74, Rvk. 3ja hrb. jarðh. með palli
**OPIÐ HUS ÞRIÐJUD. 21.7 KL. 16-16:30**




Talsvert endurnýjuð ca. 67 fm. 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í Skerjafirðinum. Tvö svefnherbergi. Sameiginlegur inngangur með einni íbúð. Gengt frá stofu á góðan pall og þaðan út á stóra sameiginlega lóð. **Verð 33,9 millj.**
**Opið hús þriðjud. 21.7. kl. 16-16:30**

## Austurbrún 4. 4.h. íb. 06
**OPIÐ HÚS MIÐVD.22.7 KL. 16:30-17**




Rúmlega 48 fm. góð íbúð í þessu eftirsótta lyftuhúsi. Íbúðin er talsvert endurnýjuð, m.a. eldhúsinnrétting og tæki og baðh., þar er þvottavélartengi. Eikarparket á gólfum, suðvestursvalir. Húsvörður í blokkinni.
**Verð 31,9 millj. Opið hús miðvikud. 231.7. kl. 16:30-17.**

## Garðastræti 4
**NÝ ÍBÚÐ Í ELDRA HÚSI.**



Glæsileg nýleg tveggja herbergja íbúð á fjórðu hæð á þessum vinsæla stað. Þessi íbúð er á efstu hæð sem var byggð ofan á húsið á þessari öld. Mikil lofthæð. Góð geymsla fylgir.
**Verð 36,9 millj. Frábær fjárfestingarkostur.**

## Kleppsvegur
**EINBÝLI MEÐ TVEIMUR AUKAÍBÚÐUM.**




Rúmlega 200 fm. hús á góðum stað við Kleppsveg. Aðalíbúðin sem er 4ra herbergja íbúð er mikið endurnýjuð. Í kjallara er tveggja herbergja íbúð sem er í utleigu og bílskúrinn hefur einnig verið innréttaður sem íbúð og er í dag í útleigu. Lóðin er stór og til eru teikningar af hæð ofan á húsið. Góður fjárfestingakostur.
**Verð 99 millj.**

## Vatnsendahlíð, Skorradal
**BÚSTAÐUR OG GESTAHÚS - GOTT VERÐ!**



Sumarhús á frábærum stað í Skorradal með tveimur svefnherbergjum, baðherbergi m/sturtu og eldhúsi ásamt gestahúsi frá 2013 sem skiptist í stofu, svefnherbergi, baðherbergi m/sturtu og lítið eldhús. Frábær staðsetning með útsýni yfir vatnið og fjöllin. Sannkölluð sumarparadís fyrir fjölskylduna.
**Verð aðeins 15,9 millj. Bókið skoðun hjá sölumönnum Foldar.**

## Óskum eftir

**Vantar eign við Naustahlein í Garðabæ.**

**Nánari upplýsingar veitir Viðar s. 6941401.**

## Hvað kostar eignin mín?
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## Þú finnur okkur á fold.is

---

# Hverfisgata 94-96 og Barónsstígur 6
### 101 Reykjavík



**OPIÐ HÚS**
**fimmtudaginn 23. júlí milli kl. 17 - 17:30**





## Aðeins fjórar eignir óseldar í byggingunni
- Glæsilegar svartbæsaðar innréttingar og innihurðir, gólfhiti, steinn í borðum
- Sér stæði í bílageymslu
- Sameiginlegur skjólgóður lokaður suðurgarður

303 **3ja** herbergja **122,4 fm** verð **69,9 M**
401 **2ja** herbergja **75,6 fm** verð **52,9 M**
405 **3ja** herbergja **104,1 fm** verð **67,9 M**
505 **3ja** herbergja **+þaksvalir** verð **82,9 M**


**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 773 6000**
thorunn@miklaborg.is


**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 845 8958**
jorunn@miklaborg.is

**MIKLABORG**
**569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

---

# Hverafold 31
### 112 Grafarvogi



**OPIÐ HÚS**
**miðvikudaginn 22. júlí milli kl. 17:30 - 18**





## Stórglæsilegt 272 fm einbýli neðst við voginn með útsýni og fallegum garði
- 4 stofur, 4 svefnherbergi og 3 baðherbergi
- Stór garður og pallur með heitum potti
- Húsið er 2 hæðum með fallegum gluggum sem setja mikinn svip á húsið
- Húsið mikið endurnýjað
- Rúmgóður bílskúr

Verð: **125 millj.**


Nánari upplýsingar veitir:
**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

**MIKLABORG**
**569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar




# 3 herbergja íbúðir með bílskúr 130,3 m² í Innri Njarðvík

Fullbúnar íbúðir við Bjarkardal 4-14. Frábær hönnun!



- 40 m² sér svalir til suðurs
- Sér inngangur.
- Aukin lofthæð
- Inrréttingar í eldhúsi og þvottahúsi frá Nobila í Þýskalandi.
- Fatskápar frá GKS.
- Gólfefni, 60x60 flísar, harðparket og innihurðir frá Parka.
- Hönnun inni og úti frá Funkis arkitektum.
- Álklæddir timburgluggar með Solstop gleri.
- Lýsingahönnun og öll ljós inni og úti frá Lumex.
- Innbyggður Ísskápur, frystiskápur, og uppþvottavél ásamt viftu fylgir.
- Ido WC tæki og Grohe blöndunartæki.
- Auka baðherbergi inn af hjónaherbergi.
- Epoxy kvarts gólfefni á bílskúr.
- Sér rúmgott þvottahús með miklu skápaplássi.
- Gengið út á svalir bæði úr stofu og hjónaherbergi.
- Steinsnar frá nýja Stapaskólanum.
- 20 mínútna akstur til Hafnarfjarðar.
- Þarft bara að kaupa gardínur og flytja búslóðina.











50% selt nú þegar





LIND FASTEIGNASALA

Allar upplýsingar veita

Helga Pálsdóttir lögg. fasteignasali
Sími 822 2123 helga@fastlind.is

Þorsteinn Yngvason lögg. fasteignasali
Sími 696 0226 thorsteinn@fastlind.is



Tilboð
19.990 kr
(var 21.484 kr)



Jet II - 105 cm

Tilboð
21.990 kr
(var 23.075 kr)



Jet 1 - 105 cm

Loftviftur eru snjöll leið til að dreifa varma og koma hreyfingu á loft. Loftviftur henta því vel í stofur, svefnherbergi, skrifstofur, í vöruhús og verksmiðjur. Á sumrin henta vifturnar til að kæla en á veturna til að jafna hitastig og draga úr kyndingu.

Tilboð
134.990 kr
(var 150.853 kr)



Risavifta - 254 cm
Fyrir stór rými eða mikla lofthæð

Tilboð
59.990 kr
(var 65.373 kr)



Cyclone
132 cm

Tilboð
24.990 kr
(var 27.367 kr)



KÍKTU Á ÚRVALIÐ AF LOFTVIFTUM

íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is
-andaðu léttar

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

# **Ódýrasti** smájeppinn fyrir **íslenskar** aðstæður

AÐEINS
33.830
Á MÁNUÐI*



# DACIA 4x4 DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS
**2.790**
ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku
á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

**Komið** og reynsluakið

* m.v 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

STRÁ



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



Sjóminjasafnið úti á Granda hefur margt skemmtilegt til að skoða.



Árbæjarsafn heillar unga sem aldna enda er þar margt að sjá frá fyrri tíð. Ýmsar skemmtilegar sýningar eru í gangi í safninu yfir sumartímann.

## Borgarsögusafn Reykjavíkur

# Eitt safn á fimm stöðum

**Hlutverk Borgarsögusafns er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka menningarminjar sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og miðla fjölbreyttri sögu á forvitnilegan hátt.**

Sýningarstaðir safnsins eru í Árbæjarsafni, Landnámssýningunni í Aðalstræti, Sjóminjasafninu í Reykjavík, Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Viðey, auk þess sem starfsemi safnsins er sýnileg með öðrum hætti, til dæmis með sögugöngum, útgáfu og menningarmerkingum í borgarlandinu.

### Árbæjarsafn

Árbæjarsafn er útisafn sem er opið allan ársins hring. Þar er safn gamalla húsa sem flest hafa verið flutt á safnsvæðið úr miðbæ Reykjavíkur. Svæðið skiptist í torg, þorp og sveit og gefur góða mynd af umhverfi og bæjarbrag í Reykjavík á 19. og 20. öld.

Í safninu er boðið upp á fjölda sýninga og viðburða, þar sem einstökum þáttum í sögu Reykjavíkur eru gerð skil. Þar má nefna handverksdaga, fornbílasýningu, jólasýningu og margt fleira. Árbæjarsafn er tilvalinn staður fyrir fjölskylduna til að verja parti úr degi enda nóg við að vera fyrir börn sem fullorðna.

**Opið:**
Júní–ágúst kl. 10–17
September–maí kl. 13–17

Kistuhylur, 110 Reykjavík
www.borgarsogusafn.is
Leiðsögn daglega kl. 13 allan ársins hring

### Landnámssýningin

Landnámssýningin byggir á skálarúst sem varðveitt er á upprunalegum stað. Með túlkun á fornminjum er ljósi varpað á líf og tilveru fyrstu íbúa Reykjavíkur og tengsl þeirra við umhverfið í nýju landi. Efni Landnámssýningarinnar byggir á niðurstöðum fornleifarannsókna, efnistökin eru vísindaleg og kynna nýjustu túlkanir vísinda- og fræðimanna á þessu tímabili sögunnar. Á sýningunni má einnig finna leiksvæði fyrir börn. Um er að ræða fróðlega sýningu fyrir alla aldurshópa. Hljóðleiðsögn er fáanleg á íslensku og ýmsum tungumálum.



Landnámssýningin er ævintýralega skemmtileg.



Ljósmyndasafn Reykjavíkur, mynd frá Vitni, sýningu Christophers Lund sem stendur til 13. september.

**Opið:**
Mán.–föst. kl. 10–17
Helgar kl. 9–18

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.borgarsogusafn.is

### Sjóminjasafnið í Reykjavík

Nýja grunnsýning Sjóminjasafnsins á efri hæð safnsins fjallar um fiskveiðar Íslendinga, frá því árabátarnir gömlu viku fyrir útgerð stórra skipa á síðustu áratugum 19. aldar og fram yfir aldamótin 2000. Sagan er sögð frá sjónarhóli stærsta útgerðarbæjar landsins, Reykjavíkur, með gripum og textum, myndum og leikjum. Aðalpersónan í þessari sögu er auðvitað fiskurinn! Honum er fylgt eftir úr hafinu í netið, um borð í bátinn og að landi, í gegnum vinnslu – og loks á diskinn. Mjaltastúlkan er sýning á neðri hæð safnsins um neðansjávarfornleifar. Árið 1659 sökk hollenskt kaupskip í ofsafengnum stormi við Flatey á Breiðafirði. Meira en 300 árum síðar, árið 1992, fundu kafarar flak skipsins. Árið eftir var í fyrsta sinn framkvæmd víðtæk rannsókn á fornminjum neðansjávar við Ísland. Enn stærri hluti flaksins var svo grafinn upp árið 2016.

Við bryggju safnsins liggur hið fræga varðskip Óðinn. Boðið er þrisvar sinnum daglega upp á leiðsögn um borð.

**Opið alla daga:**
Kl. 10–17
Dagleg leiðsögn í Óðin
kl. 13, 14 og 15

Grandagarður 8, 101 Reykjavík
www.borgarsogusafn.is

### Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Safnið varðveitir um fimm milljónir ljósmynda sem teknar hafa verið af atvinnu- og áhugaljósmyndurum á tímabilinu um 1870 til 2002. Um 30 þúsund þeirra eru aðgengilegar á myndvef safnsins. Safnið stendur árlega fyrir fjölbreyttum sýningum með áherslu á sögulega og samtíma ljósmyndun, í listrænu sem menningarlegu samhengi.

**Opið:**
Mán.–fim. kl. 10–18
Fös. kl. 11–18
Helgar kl. 13–17

Tryggvagata 15 (6. hæð), 101 Reykjavík
www.borgarsogusafn.is

### Viðey

Viðey er sögustaður og náttúruperla, en eyjan var öldum saman talin ein besta bújörð landsins. Þar er að finna mannvistarleifar allt frá landnámstíð, en einnig minjar um klaustur á 13. öld. Í Viðey standa ein elstu hús landsins, Viðeyjarkirkja og Viðeyjarstofa frá tímum Skúla Magnússonar á 18. öld. Í Viðey er einnig að finna ein merkustu listaverk borgarinnar, þ.e. Áfanga Richard Serra og Friðarsúlu Yoko Ono. Á sumrin er boðið upp á reglulegar kvöldgöngur auk fjölda annarra viðburða.

**Sumar:** Siglt er út í Viðey alla daga vikunnar.
**Vetur:** Siglt er út í Viðey aðeins um helgar.

Sjá nánari upplýsingar á www.videy.com, www.borgarsogusafn.is og https://www.facebook.com/videyreykjavik/




# Fimm stærstu söfn veraldar

Söfn eru góð leið til að skemmta sér og fræðast um leið. Þau geta verið afar fjölbreytt og misstór, en þau allra stærstu eru svo stór í sniðum að það er ómögulegt að sjá allt sem þau geyma á einum degi.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Það er góð skemmtun að fara á gott safn og það getur veitt manni einstaka innsýn inn í horfna tíma eða áður óþekkt svið mannlegrar tilvistar. En þó að mörg söfn séu þægileg leið til að verja örfáum klukkustundum eru líka til söfn sem eru svo stór að það er ómögulegt að arka um allt og sjá allt í einni heimsókn. Hér eru þau fimm stærstu.

### Louvre-safnið í París

Louvre-listasafnið í París í Frakklandi var stofnað árið 1792 og er það allra stærsta, rúmlega 72 þúsund fermetrar. Safnið er eitt af mörgum þekktum kennileitum borgarinnar og hluti af Louvre-höllinni, sem var byggð á 12. öld. Byggingin var notuð sem virki áður en hún varð bústaður kóngafólks árið 1546. Árið 1692 var húsið notað til að hýsa listaskóla og 100 árum síðar var Louvre-safnið opnað, en þá voru þar 537 málverk. Í dag eru um 38 þúsund listaverk í safninu og það tekur á móti 7,4 milljónum gesta á ári, sem er meira en nokkurt annað safn.

### Hermitage-safnið í St. Pétursborg

Næststærsta safn í heimi er tæplega 67 þúsund fermetrar. Safnið er eitt það elsta í heimi, en það var stofnað árið 1764 og og opnað fyrir almenning árið 1852. Það samanstendur af sex sögufrægum byggingum sem standa við bakka Neva-árinnar. Á safninu eru yfir þrjár milljónir muna og það hýsir stærsta safn málverka í heiminum.

### Kínverska þjóðminjasafnið í Peking

Kínverska þjóðminjasafnið er í 65 þúsund fermetra byggingu við Torg hins himneska friðar í Peking. Safnið varð til þegar safn kínversku byltingarinnar og sögusafn Kína voru sameinuð árið 1959. Hlutverk þess er fyrst og fremst að fræða almenning og kynna sögu og list Kína, en á safninu eru yfir milljón munir.

### Metropolitan-safnið í New York

Metropolitan-safnið var stofnað árið 1870 og opnað tveimur árum síðar. Það er við fimmtu breiðgötu borgarinnar og er tæplega 59 þúsund fermetrar að stærð, en í dag er safnið í byggingu sem er tuttugu sinnum stærri en upphaflega byggingin var. Á safninu eru meira en tvær milljónir fjölbreyttra muna frá ólíkum heimshornum, en safnið er meðal annars þekkt fyrir stórt safn hljóðfæra.

### Söfn Vatíkansins í Róm

Söfn Vatíkansins, sem er í Róm á Ítalíu, eru 43 þúsund fermetrar og þau voru sett á laggirnar árið 1506. Þar má sjá gríðarstórt listaverkasafn Vatíkansins, en meðal muna í safninu eru höggmyndir frá Róm til forna og sum af merkustu listaverkum endurreisnarinnar. Safnið hefur að geyma um 70 þúsund listaverk, en af þeim eru um 20 þúsund í sýningu. Safninu er skipt í 54 hluta og Sixtínska kapellan, sem var skreytt af Michaelangelo á 16. öld, er rúsínan í pylsuendanum.



Louvre-safnið í París er eitt af mörgum frægum kennileitum borgarinnar og stærsta safn í heimi. MYND/GETTY



Kínverska þjóðminjasafnið stendur við Torg hins himneska friðar í Peking.



Hermitage-safnið í St. Pétursborg er í sex sögufrægum byggingum sem standa við bakka Neva-árinnar.



Söfn Vatíkansins voru sett á laggirnar árið 1506 og Sixtínska kapellan er rúsínan í pylsuendanum.



Á Metropolitan-safninu í New York er hægt að skoða meira en tvær milljónir fjölbreyttra muna frá ólíkum heimshornum.




GLJÚFRASTEINN
*Hús skáldsins*

*www.gljufrasteinn.is*

Velkomin á Gljúfrastein
alla daga frá kl. 10 – 17 í sumar.

Leiðsögn um húsið, safnbúð,
sýning um Innansveitarkroniku,
fallegar gönguleiðir í Mosfellsdal
og stofutónleikar á sunnudögum.

Fylgstu með Gljúfrasteini - húsi skáldsins @gljufrasteinn | www.gljufrasteinn.is

# HIÐ ÍSLENZKA REÐASAFN

## hefur nú opnað á nýjum stað í stærri og betri aðstöðu





Sýningin hefur verið uppfærð með tugum nýrra sýningargripa, meiri upplýsingum, gagnvirkum skjám og betra aðgengi.

**The Phallic Bistro – Café**

Smáréttir og sætabrauð. Artisan kaffi, vín og bjór á krana.
Fáðu þér sæti og njóttu veitinga í öðruvísi umhverfi.







**Tökum á móti hópum af ýmsu tilefni**

Gæsanir, vinnuhópar o.s.frv. Góður salur með stórum skjá og hljóðkerfi. Bjóðum upp á veitingar í föstu og fljótandi formi fyrir hópa.

**Bókanir / upplýsingar party@phallus.is**

**Einstakt safn, hið eina sinnar tegundar í heiminum**




Heimasíða

HIÐ ÍSLENZKA REÐASAFN • THE ICELANDIC PHALLOLOGICAL MUSEUM •

**Hafnartorg, inngangur frá Reykjastræti og Geirsgötu**

Sími: 561-6663 • Heimasíða: phallus.is
Netfang: phallus@phallus.is

# Gullæði og minjar um byltingar

Sýning Listasafns ASÍ á verkum listamannsins Bjarka Bragasonar verður opnuð með pomp og prakt laugardaginn 29. ágúst í Svavarssafni á Höfn í Hornafirði og stendur til 18. desember 2020.

Sýningin nefnist GULLÆÐI og er að sögn Bjarka hluti af tíu ára löngu listrænu ferli þar sem hann hefur skoðað hvernig einstaklingurinn nálgast umbreytingar á hnattrænum skala í gegnum upplifun á sínu nánasta umhverfi.

Viðfangsefni Bjarka snúast um manneskjuna og náttúruna á tímum vitundarvakningar um hamfarahlýnun og hraðar breytingar í loftslagmálum. Þau spegla árekstra mennska og jarðfræðilega tímaskalans. Hann vinnur á mismunandi hátt með ólíka þætti verkefnisins og setur þá fram sem tákn breytinga í náttúru, samfélagi, stéttasögu og jarðsögu.

Listasafn ASÍ stendur fyrir sýningunni í Svavarssafni sem kennt er við Svavar Guðnason og var opnað í júní 2011. Það stendur fyrir fjölbreyttum sýningum þar sem sýnd eru verk úr safneign, eða sýningar frá öðrum söfnum, stofnunum eða einstaklingum. Svavarssafn er opið á virkum dögum kl. 9–12 og 13–15. Í tengslum við sýningu Bjarka Bragasonar skipuleggur Listasafn ASÍ skólaheimsóknir og býður til listamannaspjalls þar sem listamaðurinn leiðir gesti um sýninguna og svarar spurningum.



Bjarki Bragason myndlistarmaður vinnur í sýningunni GULLÆÐI á fjölbreyttan hátt með ólíka þætti verkefnisins. Hann setur þættina fram sem tákn breytinga í náttúru, samfélagi, stéttasögu sem og jarðsögu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

### Garðurinn er spegill fyrir mótun jarðar

Um sýninguna Gullæði segir Bjarki: „Ferlið hverfist um skoðun á húsagarði ömmu minnar og afa, en að þeim látnum stóð fyrir dyrum að hús þeirra yrði rifið, og stór garður sem umkringir það einnig grafinn upp og ísaldarklöpp þar undir sprengd burt til að skapa rými fyrir stærri byggingu. Það hefur ekki enn átt sér stað, en í millitíðinni hefur garðurinn farið í órækt og gróðurinn vaxið á eigin forsendum. Ég lít á garðinn sem spegil sem ég nota til þess að horfa á ólíka staði og hvernig umhverfi jarðarinnar er að mótast og þann árekstur tímaskala sem gerist þegar mannlegar gjörðir hafa áhrif á jarðsöguna.

Gullæði byggir á rannsóknum mínum á trjám frá þremur stöðum, ösp úr garði ömmu minnar og afa, þrjú þúsund ára gömlu birkitré sem kom undan Breiðamerkurjökli fyrir nokkrum árum og trjábol af fornu tré sem ég fann þegar ég var í vinnustofudvöl við rannsóknarstofu á vegum Berkeley-háskóla í Sagehen-tilraunaskóginum í Sierra Nevadafjöllunum í Kaliforníu haustið 2019. Í nýlenduvæðingu og gullæði sem skók Bandaríkin á 19. öld voru fornir skógar Kaliforníu hoggnir í stórum stíl á stuttum tíma. Þetta ákveðna tré sem er miðja rannsókna minna var eitt fárra sinnar tegundar á þessu svæði sem skilið var eftir, vegna þess hversu óhentugt það var í sögun. Nú hefur tréð fallið undan eigin þunga og byggja verkin á sýningunni meðal annars á rústum þessa trés, minja um byltingar í hagkerfum og lífræði.“

Nú standa fyrir dyrum tvær sýningar Listasafns ASÍ á verkum Bjarka Bragasonar sem bera heitið GULLÆÐI. Sú fyrri verður opnuð sem fyrr segir í Svavarssafni á Höfn í Hornafirði 29. ágúst og sú síðari verður í Kópavogi.

Undanfarin ár hefur Listasafn ASÍ auglýst reglulega eftir tillögum frá myndlistarmönnum og valið einn úr þeim hópi til að sýna á tveimur stöðum á landinu, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar í öðrum landshlutum. Bjarki Bragason er þriðji listamaðurinn sem safnið velur til þátttöku í sýningaröðinni sem hleypt var af stokkunum í byrjun árs 2017. Áður eru komnar sýningar Sigurðar Guðjónssonar, INNLJÓS í Hafnarfirði 2017 og á Blönduósi 2018, og UNIVERSAL SUGAR, sýning/sýningar Hildigunnar Birgisdóttur, sem voru samtímis í Garðabæ og Vestmannaeyjum 2019.

Listasafn ASÍ stendur fyrir myndlistarsýningum víðs vegar um landið í samvinnu við ýmsa aðila. Safnið starfar tímabundið án eigin sýningarrýmis en leitar reglulega samstarfs við söfn og fleiri aðila vítt og breitt um landið við skipulag sýninga.

> **Ég lít á garðinn sem spegil sem ég nota til þess að horfa á ólíka staði, hvernig umhverfi jarðarinnar mótast og árekstur tímaskalans þegar mannlegar gjörðir hafa áhrif á jarðsöguna.**

Nánari upplýsingar á www.listasafnasi.is

# Flott listaverk á förnum vegi

Víða í höfuðborginni má finna útilistaverk. Það getur verið skemmtilegur dagur með fjölskyldunni að ganga, hjóla eða keyra milli listaverkanna og virða þau fyrir sér og fræðast í leiðinni.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



List í opinberu rými er hluti af daglegu lífi flestra borgarbúa. Oft fer fólk framhjá listaverkunum daglega án þess að velta þeim mikið fyrir sér. Þau eru bara hluti af borgarlandslaginu. En öll eiga listaverkin einhverja sögu sem getur verið áhugavert að kynna sér. Mörg útilistaverk úti í heimi hafa staðið á sama staðnum jafnvel öldum saman og verða mögulega þekkt sem tákn fyrir staðinn. Þar má meðal annars nefna Manneken pis, litla pissustrákinn í Brussel og risastóru Kristsstyttuna í Rio de Janero.

Fyrsta útilistaverkið á Íslandi var stytta af dansk-íslenska myndhöggvaranum Bertel Thorvaldsen, en styttan var gjöf frá borgarstjórn Kaupmannahafnar í tilefni af 1.000 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1874. Síðan þá hefur fjöldi útilistaverka risið í borginni, mörgum hefur verið fundinn varanlegur staður en önnur hafa verið hluti af tímabundnum sýningum.

Mörg listaverkin, og sérstaklega þau eldri, eru höggmyndir af þekktum mönnum úr Íslandssögunni og söguganga til að skoða þær getur verið áhugaverð og nýst til að fræðast um fyrri tíma. En aðrir listamenn gerðu styttur af hversdagsfólki sem gegndu einnig mikilvægu hlutverki í sögulegu samhengi. Þar má nefna styttur eins og Útlaga eftir Einar Jónsson og Þvottakonu eftir Ásmund Sveinsson.



Höggmyndir eftir Hallstein Sigurðsson í Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.

Sólfar eftir Jón Gunnar Árnason er í dag orðið eitt af þekktari útilistaverkum borgarinnar og allan ársins hring má sjá ferðamenn stilla sér upp fyrir myndatöku við verkið. Sólfar vann í keppni um útilistaverk sem efnt var til í tilefni af 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar árið 1986 og var sett niður við Sæbraut og afhjúpað í ágúst árið 1990.



Fyssa stendur í Grasagarðinum og táknar íslenskt náttúruöfl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyssa í Grasagarðinum er dæmi um útilistaverk sem táknar náttúru Íslands. Verkið stendur að hluta til upp úr og að hluta til ofan í jörðinni. Hægt er að líkja því við jörð sem rifnar svo sprungur og gjár myndast. Vatnsrennslið í verkinu er síbreytilegt líkt og í náttúrunni.

Á netinu má finna kort og skemmtilegar gönguleiðir um borgina sem hægt er að nýta til að skipuleggja skemmtilega ferð milli listaverkanna. Það er til dæmis hægt að hefja ferð um miðborgina við Sólfarið og ganga svo í átt að Lækjartorgi, að Alþingishúsinu og að Hljómskálagarðinum og finna fleiri verk. Í Laugardalnum er líka fjöldinn allur af verkum sem gaman er að skoða. Svo er hægt að fara í úthverfin og skoða listina þar. Í Grafarvogi í landi Gufuness má til dæmis finna Hallsteinsgarð þar sem skoða má höggmyndir Hallsteins Sigurðssonar í fallegri náttúru með útsýni yfir til Esjunnar.

# FRÉTTABLAÐIÐ

## GRÍPTU FRÉTTABLAÐIÐ MEÐ Í FERÐALAGIÐ

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu víðs vegar um landið
m.a. í verslunum, sundlaugum, íþróttamiðstöðvum og á bensínstöðvum.

Kringlan SMÁRALIND FJÖRÐUR bóksala stúdenta Háma
BÓNUS KJÖRBÚÐIN Krambúð nettó N1 olís






FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin

## Bílar & Farartæki

**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

**SPARIBÍLL**



Nýr Ford Transit Ambiente L3H2. Nýja lagið. Til afhendingar strax. Ódýrasti bíllinn í umboðinu er á 6.290.000,- Þessi er á gömlu gengi á aðeins 4.947.000,- Án VSK á 3.970.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Bátar




## Þjónusta

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

**PROSTONE**
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**HÚSA - VIÐGERÐIR**
NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN
* STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
* KLÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
* GLUGGAR/GLER
* INNRÉTTINGAR OG FL.
ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
30 ÁRA REYNSLA
TILBOÐ - TÍMAVINNA
UPPL. S : 8583300
serfagehf@gmail.com

**VIÐHALD FASTEIGNA**
Tökum að okkar viðhald fasteigna ásamt nýsmíði. Einnig pípulagnir, flísalagnir, múrviðgerðir, málningarvinna og gluggaviðgerðir.
Uppl. í s. 780 3344 eða netfangið mavar@mavar.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**Rúnar múrari**
**Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna.**
**s. 780 2838.**

**PROSTONE**
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is




## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

Við erum að fjölga í teyminu hjá okkur og leitum þess vegna að jákvæðum einstaklingum með framúrskarandi þjónustulund bæði í dag- og kvöldvinnu. Opið fyrir umsóknir á Heimilisthrif.is

We are hiring and looking for positive individuals with an excellent sense of service for both day and evening work. Send an application through Heimilisthrif. is/atvinna

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**89%**

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.




**Beinn sími: 550 5625**
**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is




*Fréttablaðið og Morgunblaðið
Heimild: Prentmæling Gallup. jan.-jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 18-49 ára.



„Grænn trefill skóga veitir skjól, dregur úr mengun og bætir heilsu borgaranna," segir Auður brosandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Færir sig milli árstíða

**Auður Kjartansdóttir er nýr framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur. Hún hefur unnið við snjóflóðarannsóknir í 15 ár en nú sér hún fram á meira annríki á sumrin.**

Tengsl mín við Skógræktarfélag Reykjavíkur hafa varað lengi. Ég hef stundað útivist í Heiðmörk og fór oft þangað sem barn. Þá voru höfuðstöðvar félagsins niðri í Fossvogsdal þar sem ég ólst upp. Nú eru þær fluttar upp að Elliðavatnsbæ," segir Auður Kjartansdóttir, sem er nýr framkvæmdastjóri félagsins. Hún hefur verkstjórn og verkefnastjórn í skógrækt á ferilskránni en síðustu fimmtán ár hefur hún starfað hjá Veðurstofunni sem sérfræðingur í ofanflóðum. „Það má segja að þungi starfa minna færist nú frá vetri til sumars en bæði tengjast náttúrunni," segir hún.

Hallarbyltingar í félaginu eru ekki á stefnuskránni hjá Auði. „Ég mun fyrst og fremst halda áfram með það góða starf sem félagið hefur staðið fyrir í áratugi. Í sumar voru 70 ár frá því það hóf starfsemi í Heiðmörk við hátíðlega athöfn. Það var 25. júní 1950 sem hundruð manna komu þar saman og gróðursetning hófst. Þá var Hákon Bjarnason skógræktarstjóri og í ávarpi óskaði hann þess að Reykvíkingar sæktu í Heiðmörkina frið í hjarta og hvíld á sál og líkama um alla framtíð. Einnig að landsmenn lærðu að fara mjúkum höndum um móðurmoldina svo hún gæti borið þeim hávaxin tré sem skýldu og hlífðu niðjum þeirra í stormum framtíðarinnar. Þetta er einmitt það sem okkar kynslóð er að upplifa í skógunum."

Hvorki vill Auður lofa né lasta lúpínuna. „Lúpínan er hápólitísk planta. Margir eru henni mótfallnir en henni fylgir sveppur sem bindur kolefni og moldin verður frjósamari fyrir vikið. Skógræktarfélag Reykjavíkur plantar skógi í lúpínubreiður enda leggur það fyrst og fremst stund á skógrækt og styður við hana hjá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum. Það hefur umsjón með stórum útivistarsvæðum eins og Esjuhlíðum og Heiðmörk.

Auður kveðst hafa reynslu af fararstjórn hópa fólks úti í náttúrunni. Hún segir marga viðburði á hverju ári sem Skógræktarfélag Reykjavíkur standi fyrir, nefnir sem dæmi skógarleika og Heiðmerkurhlaup. „Svo er nýlega búið að skrifa undir samning um loftslagsskóga í Úlfarsárdal og Esjuhlíðum sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélags Reykjavíkur. Þar er verið að minnka kolefnisspor Reykvíkinga og sporna gegn hnattrænni hlýnun. Grænn trefill skóga veitir skjól, dregur úr mengun og bætir heilsu borgaranna." gun@frettabladid.is



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, kær vinur, afi, og langafi,

**Helgi Jónsson**

fyrrverandi bankaútibússtjóri,

sem andaðist á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, þann 14. júlí, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju, miðvikudaginn 22. júlí, kl. 13.00.

**Áslaug Helgadóttir — Gunnar Guðmundsson**
**Jón Helgason — Sigríður K. Valdimarsdóttir**
**Sigríður Helgadóttir — Ólafur Þorsteinsson**
**Helgi Teitur Helgason — Guðrún Hildur Pétursdóttir**
**Margrét Ingvarsdóttir**
**börn og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Aðalbjörg Guðmundsdóttir**

kennari,
frá Harðbak á Melrakkasléttu,

lést á heimili sínu að Lindarseli 7, Reykjavík, að morgni 10. júlí. Útför hennar fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi, mánudaginn 27. júlí, kl. 13.00. Vinsamlegast athugið breytta staðsetningu á útförinni.

**Sæmundur Rögnvaldsson — Ingibjörg Axelsdóttir**
**Elín Rögnvaldsdóttir — Björgvin Guðmundsson**
**Margrét Rögnvaldsdóttir — Magnús H. Ingþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Sigurðsson**

bifreiðastjóri,
frá Sleitustöðum í Skagafirði,

sem lést á heimili sínu, mánudaginn 13. júlí, verður jarðsunginn frá Hóladómkirkju, föstudaginn 24. júlí, kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á sælureit ættarinnar, Fagralund, sem honum var einkar hugleikinn.

**Reynir Þór Jónsson — Ingibjörg Jónsdóttir**
**Íris Hulda Jónsdóttir — Björn Gunnar Karlsson**
**Gísli Rúnar Jónsson**
**Lilja Magnea Jónsdóttir — Skúli Hermann Bragason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólöf Elíasdóttir**

Strikinu 8, Garðabæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi þann 10. júlí 2020. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju, miðvikudaginn 22. júlí kl. 15.00

**Eyþór Árnason — Sigurbjörg Einarsdóttir**
**Hafþór Árnason**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét S. Einarsdóttir**

fv. sjúkraliði og forstöðumaður,
Norðurbrú 1, Garðabæ,

lést á Landspítalanum 16. júlí sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Atli Pálsson**
**Hallgrímur Atlason — Guðbjörg Jónsdóttir**
**Guðjón Atlason — Ana Isorena Atlason**
**Atli Atlason — Elin Svarrer Wang**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar hjartkæra

**Hjördís Guðbjartsdóttir**

hjúkrunarkona,
áður til heimilis að
Seljavegi 27, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum 4. júlí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Birna Gunnarsdóttir**
**Eyþór Gunnarsson**



Ástkær móðir okkar,

**Unnur Lárusdóttir**

Víðiteigi 6d, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 15. júlí 2020.

**Ingunn Ólafía Jónsdóttir**
**Ríkharð Örn Jónsson**
**Sólrún Maggý Jónsdóttir**
**Lárus Haukur Jónsson**
**Hilmar Þór Jónsson**
**Unnur Jenný Jónsdóttir**



Elskuleg móðir, tengdamóðir og amma,

**Brynhildur Kristinsdóttir**

Vöðlum, Önundarfirði,

lést 8. apríl sl. Þann 25. júlí nk. verður minningarathöfn í Holtskirkju kl. 14, allir eru velkomnir. Innilegar þakkir flytjum við öllum fyrir auðsýnda samúð og hlýhug, sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Tjörn á Þingeyri fyrir alla umönnun og hjálpsemi síðustu ár.

**Gunnhildur J. Brynjólfsdóttir — Þorsteinn Jóhannsson**
**Arnór Brynjar Þorsteinsson — Isak Gustavsson**
**Jón Ágúst Þorsteinsson — Hrefna Valdemarsdóttir**
**Jóhann Ingi Þorsteinsson — Gerður Sigmundsdóttir**
**Árni G. Brynjólfsson — Erna Rún Thorlacius**
**Jakob E. Jakobsson — Sólveig M. Karlsdóttir**
**Brynjólfur Óli Árnason**
**Benjamín Bent Árnason — Rakel Ósk Rögnudóttir**
**G. Rakel Brynjólfsdóttir — Jón Sigurðsson**
**Hildur Sólmundsdóttir — Emil Ó. Ragnarsson**
**Agnes Sólmundsdóttir — Andri M. Karlsson**
**Hanna Gerður Jónsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Þórður Árni Björgúlfsson**

fv. rennismiður og verslunarmaður,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju, fimmtudaginn 23. júlí, klukkan 13.30. Fjölskyldan þakkar starfsfólki Grenihlíðar fyrir frábæra umönnun og hjartahlýju. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Öldrunarheimila Akureyrar, kennitala: 441217-1450, banki: 565-14-405786.

**Björg Þórðardóttir**
**Friðrik Viðar Þórðarson — Kristín Jónína Halldórsdóttir**
**Björgúlfur Þórðarson — Helga Guðrún Erlingsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Okkar elskaða

**Halldóra K. Thoroddsen**

rithöfundur

lést aðfaranótt 18. júlí. Útförin fer fram í Neskirkju föstudaginn 31. júlí kl. 15.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Eggert Þorleifsson,**
**Bergsteinn Jónsson,**
**Sigurður Eggertsson**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 °C | 1 ↗ |
| Ísafjörður | 10 °C | 3 → |
| Akureyri | 13 °C | 3 ↙ |
| Egilsstaðir | 14 °C | 2 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 15 °C | 4 ↑ |
| Hveravellir | 9 °C | 4 ↗ |

Vestlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og bjart með köflum, en stöku síðdegisskúrir inn til landsins. Víða skýjað og úrkomulítið, en dálitlar skúrir norðaustantil, og áfram bjart suðaustanlands. Hiti 7 til 17 stig að deginum, hlýjast suðaustantil.

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 °C | 2 ↘ |
| Ísafjörður | 6 °C | 2 ↙ |
| Akureyri | 10 °C | 3 ↓ |
| Egilsstaðir | 9 °C | 3 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 15 °C | 1 ↖ |
| Hveravellir | 9 °C | 1 ↙ |

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 14 °C | 3 ↘ |
| Ísafjörður | 7 °C | 4 ↙ |
| Akureyri | 6 °C | 2 ↓ |
| Egilsstaðir | 6 °C | 3 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 12 °C | 4 ↖ |
| Hveravellir | 8 °C | 5 ↙ |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 5 | | | 6 |
| | | 5 | 9 | 6 | | | | |
| 8 | | 3 | | | 2 | | 5 | |
| 3 | 7 | 1 | | 5 | | | | |
| 4 | | | 2 | | 9 | | 6 | |
| | | 6 | 3 | 8 | | | | |
| | | | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | |
| | 3 | | 7 | | | 5 | 1 | |
| | | | | | | | 2 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 6 | 9 | 3 | |
| 6 | 8 | | | 5 | | | | 4 |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| 7 | 2 | | 6 | | | 4 | | |
| 5 | 6 | 8 | 9 | | | 1 | | |
| | | | | 1 | 2 | | 8 | |
| 4 | | | | | 5 | | | 1 |
| 8 | | 7 | | | | 6 | | |
| | | | 4 | 9 | | | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | 1 | | 8 | |
| 5 | 8 | | | | | 9 | | 1 |
| | | 2 | 3 | | | | | |
| 4 | 5 | | | | | | | |
| | | | | | | | 1 | |
| | | 3 | | 9 | 7 | 2 | | |
| | 3 | 6 | | 2 | | | 9 | |
| | 9 | | | 4 | | 3 | | |
| | | 8 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. bragðlaust
5. dæs
6. mjaka
8. spil
10. íþróttafélag
11. bæn
12. farandi
13. umsögn
15. barinn
17. ker

**LÓÐRÉTT**
1. saumreka
2. býsna
3. þakbrún
4. söngrödd
7. fylki
9. íbland
12. leikni
14. ábreiða
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. dauft, 5. úff, 6. ek, 8. kasína, 10. kr, 11. bón, 12. fært, 13. álit, 15. laminn, 17. kirna.
**LÓÐRÉTT:** 1. dúkknál, 2. afar, 3. ufs, 4. tenór, 7. kantóna, 9. íbætir, 12. fimi, 14. lak, 16. nn.

## Skák Gunnar Björnsson

Ingvar Þór Jóhannsson átti leik gegn Jonathan Corbblah í netskák fyrir skemmstu.

**18. Dh6!! 1-0. Ef 18...bxc4 19. Qxg7# og ef 18...gxh6 19. Rxh6#.** Alþjóðlegi skákdagurinn var haldinn hátíðlegur í gær, meðal annars með fundi hjá Sameinuðu þjóðunum. Í dag hefst mótið „Skákgoðsagnir“ á Chess24. Meðal keppenda eru Carlsen, Kramnik og Anand.

**www.skak.is:** Skákgoðsagnir.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 | 6 | 5 |
| 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 | 9 | 2 | 1 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 6 |
| 4 | 6 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 9 | 8 | 6 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman











Beltone **Amaze**™
Mætti ég biðja um hljóð?
Fátt gleður eins mikið og að fá eitthvað til baka sem maður hefur misst. Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Hvernig væri að kveðja sér hljóðs og leggja við hlustir með Beltone **Amaze**™? Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN



Verk eftir Daníel Magnússon á sýningunni á Fljótsdalshéraði.

## Land og landslag sex listamanna

Sumarsýning Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs/Sláturhúss stendur yfir í Sláturhúsinu. Sýningin ber nafnið LAND og er samsýning sex myndlistarmanna. Þátttakendur eru: Daníel Magnússon, Guðmundur Ingólfsson, Hallgerður Hallgrímsdóttir, Katrín Elvarsdóttir, Vigfús Birgisson og Þórdís Jóhannesdóttir. Þau eiga það öll sameiginlegt að vinna með ljósmyndina sem miðil en hvert og eitt þeirra nálgast umfjöllunarefnið á mismunandi hátt.

## Myndar það smáa í náttúrunni

Áskell Þórisson, fyrrum ritstjóri og blaðamaður, verður með ljósmyndasýningu í Gallerý Grásteini, Skólavörðustíg 4, í Reykjavík, frá 23. júlí til 3. ágúst. Sýningin er opin daglega frá 11.00 til 18.00. Árum saman hefur Áskell einbeitt sér að því að mynda það smáa og litríka í náttúrunni og styrkir síðan liti og form í myndvinnsluforritum. Myndirnar á sýningunni eru af ýmsum stærðum. Þær eru prentaðar á striga og þandar á blindramma.



Áskell sýnir ljósmyndir í Gallerý Grásteini á Skólavörðustíg.











„Mér finnst mjög skemmtilegt að skrifa þessar sögur,“ segir Bergrún. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Spennu- og glæpasaga fyrir börn um kennara sem hvarf

**Bergrún Íris Sævarsdóttir er höfundur bókarinnar Kennarinn sem hvarf sporlaust. Börn báðu um bókina, sem er framhald bókarinnar Kennarinn sem hvarf. Þriðja bókin hugsanleg.**


Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is




Kennarinn sem hvarf sporlaust er ný bók eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur, sjálfstætt framhald af hinni vinsælu bók hennar, Kennarinn sem hvarf.

Spurð af hverju hún hafi ákveðið að skrifa framhaldsbók segir Bergrún: „Börn báðu mig ítrekað að skrifa framhald, ég fékk meira að segja símtöl. Þau vildu fá að vita meira. Kennarinn sem hvarf var aldrei hugsuð sem byrjun á seríu en bauð svo sem upp á það því þar eru sex bekkjarfélagar í forgrunni.

Að þessu sinni fer ég inn í kollinn á annarri aðalpersónu sem tekur við keflinu og segir söguna. Hún heitir Sara og kom upprunalega til Íslands frá Albaníu með fjölskyldu sinni vegna þess að bróðir hennar er lungnasjúklingur. Til að fá baksögu og kynnast aðstæðum Söru betur settist ég niður með systkinum sem heita Klea og Kevin. Þau komu til Íslands frá Albaníu fyrir allnokkrum árum en voru send úr landi um miðja nótt. Seinna fengu þau dvalarleyfi hér á landi.

Ég kynntist Kleu þegar ég var að lesa upp úr fyrri bókinni og það gladdi hana mjög að þar væri stelpa frá Albaníu sem hún gæti samsvarað sig við. Hér er íslensk-albönsk aðalpersóna mætt á svæðið og sér ýmislegt við Ísland og hegðun íslenskra krakka sem henni finnst athyglisvert.“

> **ÉG KYNNTIST KLEU ÞEGAR ÉG VAR AÐ LESA UPP ÚR FYRRI BÓKINNI OG ÞAÐ GLADDI HANA MJÖG AÐ ÞAR VÆRI STELPA FRÁ ALBANÍU SEM HÚN GÆTI SAMSVARAÐ SIG VIÐ.**

### Heldur börnum við efnið

Líkt og í fyrri bókinni hverfur kennarinn og nú í annað sinn. „Nemendur eru í skíðaferðalagi og þar sem þeir eiga ekki að hanga í símanum þurfa þeir að láta síma sína af hendi. Krakkarnir heyra hvell um miðja nótt og skyndilega eru bæði fararstjórinn og kennarinn horfin. Nú þarf aftur að leysa gátur til að bjarga kennaranum.“

Lýsa má bókinni sem spennu- og glæpasögu fyrir börn. „Barnabókarithöfundar eru í mikilli samkeppni við sjónvarp, spjaldtölvur og aðra afþreyingu. Það þarf að halda börnum við efnið og til að fá þau til að lesa bókina alveg til enda þá gerist eitthvað spennandi í lok hvers kafla,“ segir Bergrún.

Myndir prýða bókina og eru eftir Bergrúnu. „Mér finnst mikilvægt að barna- og unglingabækur séu myndlýstar. Það er kannski skortur á því sem verður til þess að við missum krakkana frá bókum. Við fullorðna fólkið viljum líka myndir, ef tímarit og blöð væru myndalaus þá myndi maður leggja þau hratt frá sér,“ segir Bergrún.

Spurð hvort þriðja bókin um kennarahvarf muni líta dagsins ljós segir hún: „Ég er byrjuð að fá óskir um bók um Fannar, sem er ein af persónum bókarinnar. Mér finnst mjög skemmtilegt að skrifa þessar sögur, en veit ekki hvort ég á að gera kennaranum það að hverfa svona oft.“

### Veglegur prentgripur

Fyrstu sögur Bergrúnar, Vinur minn, vindurinn og Sjáðu mig sumar!, eru nú endurútgefnar saman í einni bók. Þær eru ríkulega myndskreyttar af höfundi. „Saman eru þær veglegur prentgripur. Þetta er mikil þátttökubók, það er hægt að leika eftir hljóðunum í vindinum, rokinu, logninu og golunni. Bókin endar á spurningu um það hvernig veðrið sé í dag og opnar þannig á spjall við barnið, ekki bara um veðrið heldur um það hvernig dagurinn var.“

ergomotion®

# Viltu hætta að hrjóta?

## Frumsýnum Ergosmart snjallrúmið



**ÖLL ERGOMOTION RÚM Á 20% AFSLÆTTI**

**ÞÚ FÆRÐ ERGOMOTION RÚM FRÁ 331.448 KR.**

**Ergomotion,** stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. **Ergomotion** kynnir nú einstakt snjallrúm. **ERGOSMART**, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þið við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum um heim allan til þess að þróa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.





CES INNOVATION AWARDS 2019

**Ergomotion** kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná réttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsu-farslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

**ERGOSMART** hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á **CES í Las Vegas**.

**ERGOSMART snjallrúmið** er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, Rem svefn og gefur heildarsvefngæðum einkunn.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni. Þá aðeins er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.






Vogue FYRIR HEIMILIÐ

**Mælum gæði svefnsins**
**Við þurfum öll 8 tíma svefn**

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS






# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### HRINGBRAUT

**20.00 Verkalýðsbaráttan á Íslandi, sagan og lærdómurinn** Heimildarþættir um sögu verkalýðsbaráttunnar á Íslandi í umsjá Sigmundar Ernis Rúnarssonar.
**20.30 Lífið er lag** Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón. Sigurður K. Kolbeinsson.
**21.00 Eldhugar. Sería 1** Í Eldhugum fara Pétur Einarsson og viðmælendur hans út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
**21.30 Bærinn minn** Bærinn minn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.

### RÚV SJÓNVARP

**12.45 Heimaleikfimi**
**12.55 Spaugstofan 2003-2004**
**13.15 Manstu gamla daga? Gular rósir**
**14.00 Upplýsingafundur Almannavarna**
**14.35 Gettu betur 2007 Úrslitaþáttur - MR - MK**
**16.00 Ofurheilar - Streita**
**16.30 Fjársjóður framtíðar Loftslagsbreytingar**
**17.00 Fólkið mitt og fleiri dýr**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Óargardýr**
**18.29 Bílskúrsbras**
**18.33 Hönnunarstirnin**
**18.50 Svipmyndir frá Noregi**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Sumarlandinn**
**19.40 Mömmusoð**
**19.55 Fyrir alla muni Orðurnar okkar** Í þessum þætti er fjallað um íslenskar orður og sögurnar á bak við þær. Íslensk heiðursmerki og orður hafa verið afhent frá 1836 og að baki hverju þeirra eru merkilegar sögur og hefðir. Í þættinum fjöllum við sérstaklega um merki sem er kallað heiðursmerki endurreisnar lýðveldisins. Orðan er sögð vera úr gulli – en er allt sem sýnist?
**20.25 Fyrstu Svíarnir De första svenskarna** Í tveimur þáttum fetar fornleifafræðingurinn Jonathan Lindström í fótspor frumbyggja Svíþjóðar og veltir vöngum yfir breyttum aðstæðum lands og lýðs.
**21.25 Parísarsögur Paris ETC**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Glæpasveitin The Team** Evrópskir spennuþættir um hóp rannsóknarlögreglumanna hjá Interpol sem vinna saman þvert á landamæri gegn hættulegum glæpasamtökum. Þetta er önnur þáttaröðin um Glæpasveitina. Í aðalhlutverkum eru Marie Bach Hansen, Jürgen Vogel og Lynn Van. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Vegir Drottins Herrens veje**
**00.20 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**09.00 PGA Tour 2020** Útsending frá the Memorial Tournament.
**13.00 PGA Tour 2020** Útsending frá the Memorial Tournament.
**17.00 PGA Highlights 2020** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**17.55 PGA Tour 2020** Útsending frá the Memorial Tournament.
**23.25 European eTour Highlights**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**10.50 Dr. Phil**
**11.35 The Late Late Show**
**12.20 Bachelor in Paradise**
**14.25 Will and Grace**
**14.50 The Block**
**16.05 Survivor**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 The Mick**
**19.30 The Neighborhood**
**20.00 The Block**
**21.00 Reef Break**
**21.50 Bull**
**22.35 Blood and Treasure**
**23.20 The Late Late Show**
**00.05 Love Island**
**01.00 Hawaii Five-0**
**01.45 New Amsterdam**
**02.30 Stumptown**
**03.15 Beyond** Ungur maður vaknar úr dái eftir 12 ár og uppgötvar að hann hefur öðlast yfirnáttúrulega hæfileika.
**04.00 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér með Viktoríu Hermannsdóttur** Eyrún Eyþórsdóttir
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Sumarmál. Seinni hluti**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Tengivagninn**
**17.00 Fréttir**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV Loftslagsbreytingar 101**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar** Tónlistrhátíð Mörthu Argerich
**20.30 Á reki með KK**
**21.40 Kvöldsagan. Njáls saga. Sögulok**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
**23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.00 Second Act**
**13.40 Daphne & Velma**
**14.55 Bowfinger**
**16.25 Second Act**
**18.10 Daphne & Velma**
**19.20 Bowfinger**
**21.00 Valerian and the City of a Thousand Planets**
**23.10 The Lost City of Z**
**01.30 The Hate U Give**
**03.35 Valerian and the City of a Thousand Planets**

### STÖÐ 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 Grey's Anatomy**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Gilmore Girls**
**10.05 The Village**
**10.50 First Dates**
**11.35 NCIS**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 The X-Factor**
**14.20 Ísskápastríð**
**14.50 The X-Factor**
**15.40 Meat. A Threat to Our Planet**
**16.40 Stelpurnar**
**17.00 Modern Family**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.48 Sportpakkinn**
**18.55 Einkalífið**
**19.15 Mom**
**19.40 God Friended Me**
**20.25 Blindspot**
**21.10 Strike Back**
**22.00 Last Week Tonight with John Oliver**
**22.35 The Bold Type**
**23.20 Penance**
**00.10 Cherish the Day**
**00.55 Better Call Saul**
**01.35 Better Call Saul**
**02.25 Better Call Saul**
**03.20 Better Call Saul**

### STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.45 The Big Bang Theory**
**21.05 Supernatural**
**21.45 Insecure**
**22.20 Orange is the New Black**
**23.15 Krypton**
**00.00 Friends**
**00.20 Friends**
**00.45 The Big Bang Theory**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.50 Kopparbergs/Göteborg - Djurgårdens** Útsending frá leik í sænsku úrvalsdeildinni í fótbolta.
**09.30 Stjarnan - HK**
**11.15 VÍS-mótið**
**11.55 Norðurálsmótið**
**12.40 N1-mótið**
**13.25 Þór - ÍBV**
**15.10 Selfoss - Þór/KA** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**16.50 Pepsi Max Tilþrifin**
**17.40 7. umferð**
**19.00 Breiðablik - Valur** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**21.15 Fylkir - Breiðablik** Útsending frá leik í Mjólkurbikar kvenna.
**23.00 Þór/KA - Keflavík**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**09.00 Juventus - Lazio**
**10.40 Napoli - Udinese**
**12.25 Leganés - Real Madrid**
**14.10 Atlético Madrid - Real Sociedad**
**15.45 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**16.10 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
**16.45 Ensku bikarmörkin**
**17.20 Atalanta - Bologna** Bein útsending.
**19.35 Sassuolo - AC Milan** Bein útsending.
**21.40 Ítölsku mörkin**
**22.35 Alavés - Barcelona**
**00.20 Derby - Leeds**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


www.fi.is
Ísland er landið
Velkomin í skála Ferðafélags Íslands
Ferðafélag Íslands og deildir
þess reka 40 fjallaskála á
hálendinu og í óbyggðum.
Sjá nánar á www.fi.is
FÍ
FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími 568 2533 | www.fi.is



Platan Bleikt ský kom út í byrjun mánaðar og hefur fengið góðar viðtökur.



Einstaklega góð stemning myndaðist á tónleikunum en Gauti hafði breytt sviðinu í Gamla bíói til að gera tónleikana sem flottasta.

# Emmsjé Gauti fagnaði útgáfu

Á laugardaginn fóru fram útgáfutónleikar **Emmsjé Gauta** vegna nýjustu plötu kappans, sem ber nafnið Bleikt ský. Gamla bíó troðfylltist af aðdáendum tónlistarmannsins og myndaðist gríðarleg stemning.

Síðasta laugardagskvöld fóru fram útgáfutónleikar Emmsjé Gauta fyrir nýjustu plötu hans, Bleikt ský. Mögnuð stemning myndaðist en Gauti hafði staðið lengi að undirbúningi tónleikanna og breytt sviðinu í Gamla bíói til að hafa umgjörðina sem glæsilegasta. Gauti fékk nokkra af vinsælustu tónlistarmönnum landsins með sér upp á sviðið, þá Birni, Aron Can, Króla og Flóna, en upphitunin var í höndum þess síðastnefnda.

„Kvöldið gekk framar vonum. Það er auðvitað smá prufutími í gangi með að halda stóra tónleika „post COVID“. En ég gæti ekki verið sáttari. Ég var með svakalegt teymi sem setti upp giggið með mér, það þýðir ekkert að spara þegar maður er að halda tónleika fyrir sjálfan sig,“ segir Gauti.

Næst á dagskrá hjá honum eru tónleikar á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. „Svo er það Innipúkinn og eftir það fer ég norður með útgáfutónleikana. Ég verð með þá þann 22. ágúst á Græna hattinum,“ segir Gauti.

Miða á þá er hægt að nálgast á tix.is.



Tónlistarmaðurinn Birnir var meðal þeirra sem steig á svið á laugardaginn. MYND/BERGLAUG PETRA



Þann 22. ágúst fer Gauti svo með útgáfutónleika sína norður á Akureyri.



Rapparinn segir að kvöldið hafi gengið vonum framar.






Eitt vinsælasta lag síðasta árs, Malbik, fékk svo góðar viðtökur að Gauti spilaði það tvisvar.



Gauti segir mikla vinnu hafa farið í að gera tónleikana sem flottasta. MYNDIR/ÓMAR SVERRISSON


HEILDSÖLUVERÐ
Á FISKI TIL MÖTUNEYTA
FÁÐU TILBOÐ
Fiskikóngurinn
Lovísa sími 7772002, Maggi sími 7772001
heildsala@fiskikongurinn.is
LOVÍSA
MAGGI


PLUG & PLAY POTTAR
MIKIÐ ÚRVAL
HITAVEITUSKELJAR
TILBOÐ
YUKON
FOX
QUEEN
KING
299.000.-
HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKI 1 - SÍMI 7772000








**Hugleiðslan hefur verið sameiginlegt áhugamál vinkvennanna í dágóðan tíma.** MYND/SUNNA BEN

# Nútímafólk á að setja hugleiðslu í forgang

Á morgun er boðið upp á hugleiðslu í Systrasamlaginu en hún verður leidd af þeim **Dagnýju** og **Evu**. Þær halda saman úti vefsvæðinu Rvk ritual sem þær lýsa sem nokkurs konar vellíðunarvef.

Þær Dagný Berglind Gísladóttir og Eva Dögg Rúnarsdóttir munu leiða saman hugleiðslu í Systrasamlaginu á Óðinsgötu á morgun. Systrasamlagið hefur boðið upp á ókeypis hugleiðslutíma á miðvikudögum undanfarið og stefna að því að fá hina ýmsu hugleiðslugúrúa til að leiða tímana í framtíðinni.

„Thelma vinkona okkar hefur svo verið að leiða hugleiðslu í Systrasamlaginu á miðvikudagsmorgnum undanfarið en er farin í fæðingarorlof. Þá stungu þær systur upp á því að við myndum kenna hugleiðsluna okkar, svona „pop up“ í persónu og gerum það núna á miðvikudaginn,“ segir Dagný.

### Hentar nútímafólki

Saman halda þær úti vefsvæðinu Rvk ritual.

„Rvk ritual er svo margt, en við höfum skilgreint það sem „vellíðunarvef“, þar sem við deilum efni tengdu heilsu, vellíðan, hugleiðslu, kennum þar námskeið og seljum einnig okkar uppáhalds vörur tengdar ritúölum. Við gerum allt á ensku því okkur langaði að eiga samtal við fleiri en bara þá sem tala íslensku og gefa fleirum innsýn inn í þessa senu á Íslandi. Okkur finnst Ísland hafa upp á svo ótrúlega mikið að bjóða,“ segir Eva.

Stöllurnar kynntust fyrir mörgum árum í gegnum barnsföður Evu.

„Við höfum alltaf verið að nördast í svipuðum áhugamálum tengdum jurtum, jóga og heilnæmum lífsstíl. Við vorum lengi vel hvor í sínu landinu, ég á Íslandi eða í Þýskalandi og Eva í Danmörku. Það sem tengir okkur sterkast saman er að við erum báðar miklir hugleiðsluiðkendur og meira og minna alltaf í einhvers konar sjálfsvinnu,“ segir Dagný

> **ÞEGAR VIÐ VORUM BÁÐAR KOMNAR AFTUR TIL ÍSLANDS FANNST OKKUR VANTA VETTVANG SEM VÆRI AÐ SETJA HEILSU, HUGLEIÐSLU OG ANNAÐ HEILNÆMT Í FALLEGAN BÚNING SEM HENTAR NÚTÍMAFÓLKI.**
>
> Eva Dögg

Eva segir Rvk ritual vera tilraun til að sameina þeirra helstu hugðarefni við þeirra persónulega bakgrunn.

„Við erum báðar með skapandi bakgrunn, ég er fatahönnuður og Dagný er menntuð í ritlist og leirlist. Þegar við vorum báðar komnar aftur til Íslands fannst okkur vanta vettvang sem væri að setja heilsu, hugleiðslu og annað heilnæmt í fallegan búning sem hentar nútímafólki. Okkur langar að fólk fari að vinna í sér, hugleiða og hugsa um sig áður en það brennur út, geri það að daglegum vana og láti það passa inn í sitt líf, sama hvernig það lítur út,“ bætir hún við.

### Hugleiðslan í forgangi

Dagný segist fyrst hafa prófað hugleiðslu í jógatíma þegar hún var fjórtán ára.

„Mér hundleiddist á meðan en fann þó að það róaðist allt inni í mér. Ég byrjaði alls ekki að stunda hugleiðslu þá, en þetta kveikti áhugann. En fyrir rúmum áratug fór ég loksins að iðka mjög reglulega, en það getur tekið tíma að búa sér til iðkun og setja hugleiðslu í forgang. Ef fólk myndi vita hvaða góðu áhrif það hefur í för með sér þá held ég að flestir myndu ekki hika við að hugleiða daglega,“ segir Dagný.

„Ég á svipaða sögu að segja. Ég man eftir fyrstu hugleiðslunni minni og það var örugglega það leiðinlegasta sem ég hef gert, ég var 17 ára. Ég fann samt svo sterkt fyrir þessari hugleiðslu og fann að hún hafði djúpstæð áhrif á mig, en þá hafði ég ekki þroska til að skilja þetta. Ég byrjaði í jóga í kringum tvítugt, fyrst þegar ég flutti til Danmerkur. Svo byrja ég löngu seinna að gera hugleiðslu að alvöru iðkun en fattaði þá hvað sköpun hafði verið hugleiðslan mín lengi vel, en á einhverjum tímapunkti þurfti ég meira. Við Dagný eigum það sameiginlegt að vilja lifa á ákveðnum „krossi“ þar sem hefðbundið og andlegt líf mætast,“ segir Eva.

### Mögnuð áhrif

Á morgun bjóða þær upp á kundalini-hugleiðslu sem kallast Gyan Chakra Kriya.

„Þessi hugleiðsla er kröftug og er sögð geta fært okkur velmegun, aukið útgeislun og hækkað í innsæinu. Einnig reynir hún líka hæfilega vel á okkur líkamlega og leysir úr vöðvabólguhnútum eftir nokkurra daga iðkun. Þetta er nefnilega ekki hefðbundin hugleiðsla þar sem þú situr kyrr í hljóði, heldur gerir iðkandinn hreyfingar og syngur möntru á meðan, sem hefur mögnuð áhrif,“ segir Eva Dögg.

Það er margt spennandi á döfinni hjá Rvk ritual.

„Já, við erum með fjögurra vikna Self Mastery-netnámskeið í ágúst og erum einnig að þróa styttra netnámskeið fyrir byrjendur í hugleiðslu á íslensku. Svo erum við að þróa nokkrar vörur tengda ritúölum, sem við munum kynna með haustinu. Við munum líklega koma reglulega við í Systrasamlaginu enda eigum við margt sameiginlegt með þeim systrum og elskum þetta fallega rými sem þær hafa skapað,“ segir Dagný.

Hugleiðslan á morgun hefst klukkan 10.00 og er aðgangur ókeypis.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*




# FALL eða Fjársjóður

Bylgjan ætlar að gefa beinharða peninga...

## OG ÞAÐ ER MILLJÓN Í POTTINUM!

Við leggjum fyrir þig "fjölda stafa í leyniorði", þú hringir inn í síma **567-1111** og giskar á staf í orðinu.
Þú þarft að vera **nr. 9** í röðinni til að taka þátt og við hvert já, færðu að halda áfram að giska.
Þú giskar á staf og ef það er rétt, þá getur þú haldið áfram að giska, svo getur þú tekið áhættuna á því að giska á orðið, en ef svarið er rangt, þá ertu úr leik.

Upphæðin hækkar um **10.000 kr.** í hvert skipti sem það kemur rangt svar.

**FYLGSTU MEÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-16**

BYLGJAN 989

FRÉTTABLAÐIÐ
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is




BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar



# Afsakið!

Sumt fólk móðgast meira en aðrir. Fullt vandlætingar gerir fólkið háværar kröfur um að aðrir biðjist afsökunar á fyrirlitningu sinni í garð þriðja hópsins. Kröfur um brottrekstur eru skammt undan. Enginn virðist óhultur. Undantekningarlaust er skotið svo langt yfir markið að maður veltir fyrir sér hvort hægt sé, í alvörunni, að vera svona móðgunargjarn.

**Framleiðendur Simpson-þáttanna hafa nú gefið það út að framvegis munu hvítir leikarar ekki tala fyrir persónur sem eru af erlendum uppruna. Það þótti óásættanlegt að hinn glaðlyndi sjoppukall Apu væri talsettur af leikara sem ekki væri frá Indlandi. Þrjátíu ára „fyrirlitningu“ gagnvart indversku þjóðinni er því blessunarlega lokið. Þá hefur leikkonan Halle Berry til allrar hamingju beðist afsökunar á því að hafa íhugað að leika trans karl í nýrri kvikmynd og grínistinn Jimmy Fallon hefur auðmjúklega óskað fyrirgefningar á því að hafa brugðið sér í hlutverk blökkumannsins Chris Rock fyrir 20 árum síðan. Við lifum víst á tímum þar sem leikarar mega ekki lengur bregða sér í hlutverk annarra, eins fráleitt og það er nú.**

**Síðustu daga ferðaðist ég um landið með fjölskyldunni ... og Gunnari Helgasyni rithöfundi. Gunnar las viðstöðulaust, með nokkrum pissustoppum, fyrir okkur bækurnar um Stellu, Mömmu klikk, Sigga sítrónu og Pabba prófessor.**

**Ég þakka fyrir að fyrrgreindur hópur hefur ekki hlýtt á bókina um Sigga sítrónu. Í hljóðbókinni bregður Gunnar sér nefnilega í hlutverk múslimaprests frá Mið-Austurlöndum, sem gefur foreldra Stellu saman – á bjagaðri íslensku! Ég vænti afsökunarbeiðni fyrir helgi. Svo væri líka fínt ef Laddi bæðist afsökunar á Elsu Lund svo ekki þurfi að svipta hann fálkaorðunni.**







